Mánudaginn 21 júlí 1969 var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hrammaslauga. Mættar voru 13 konur. Formaður félagsins setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Fjólu Eggertsdóttur og fundarritara Elisabet Eggertsdóttur.

Tekið var fyrir:

1. Margrét Theódórsdóttir gerði grein fyrir ágóða af 17 júní skemmtun. Inn komu 13500 kr.
2. María Guðmundsd. skýrði frá því að ágóði af kaffisölu þegar félagsheimilið var vígt 14. júní, hefði verið kr. 6586.
3. Fjóla Eggertsdóttir las upp fundargerð aðalfundar K.B. sem haldinn var í Víðihlíð 16. maí 1969. Fulltrúar frá kvenfélaginu „Sigurósk" voru Ingibjörg Þórhallsdóttir og Fjóla Eggertsdóttir.
4. Rætt var um skemmtidag gamla fólksins. Var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að keyra gamla fólkið bara í kaffistað.
5. Þá var rætt um hlutaveltu K.B.
6. Þá var að endingu talað um að gera vörupöntun í heildsölu frá efnagerðinni „Val". ef tök væru á.

Fundargerðin lesin upp.

Fundi slitið

E.E.

Fimmtudaginn 11. des. 1969. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hvammstanga.
11 konur voru mættar á fundinum
Formaður tilnefndi fundarstjóra Fjólu Eggertsdóttur en fundarritara Halldóru Kristinsdóttur.
Tekið var fyrir:
1. Formaður þakkaði félagskonum góða frammistöður um rétti og ágæta þátttöku í basar.
2. Margrét Theódórsdóttir skýrði frá því að ágóði af síðasta Bingói hefðu verið kr 1400. Einnig ræddi hún um hvort ekki væri ráðlegt að hafa þriggja kvölda félagsvist. var samþykkt að reyna það. Var Fjólu falið að athuga hvenær væri helst að reyna það.
3. Þá var rætt um barnaskemmtun og talað um að halda hana sem fyrst eftir jól. Nefnd kosin til undirbúnings. Þóra Elsa Fimma Dóra María og Osla. Samþykkt var að bjóða öllum börnum í framparti Kirkjuhvammshrepps. á skemmtunina.
4. Kosnar voru til að heimsækja fólkið á Ellideild Sjúkrahússins þær Ingibjörg, Lóa, og Helga Fjóla til vara. Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
H.K.

Sunnudaginn 16. marz 1970. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurósk" að Syðri Ánastöðum. Formaður félagsins setti fundinn og tilnefndi fundarritara Elísabet Eggertsdóttir. Mættar voru 11. konur
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
2. María Guðmundsd. gerði grein fyrir nýafstaðinni þriggja kvölda vist, hreinn ágóði varð:
3. Rætt var um að hafa hlutaveltu eftir páska og að hver kona gæfi minnst 3 muni
4. Formaður félagsins las upp reykninga félagsheimilisins sem borist höfðu
5. Talað var um að hafa skemmtifund ef hægt væri og að hver kona treysti á hina að koma með sem best skemmtiatriði
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.
E.E.

Skemmtifundur.

Laugardaginn 25 april 1970
hélt Kvenfélagið Sigurósk sinn
árlega skemmtifund.
Fundurinn var að þessu sinni
haldinn á Hvammstanga hjá
Þórðveigu Jósefsdóttur.
Því miður sóttu fundinn aðeins
9. konur. og tvær þeirra voru
svo tímabundnar að þær máttu
ekki vera að því að stansa
nema litla stund. Mátti því
segja að fámennt var og góðmennt
Fundurinn hófst á hinni hefðbundnu
kaffidrykkju og þarf ekki að taka
það fram að húsfrúin veitti af
mestu rausn.
Kaffi drukkið, kökur snæddar
Kallist svanna geðið skjótt
þó að væru margar mæddar
Mikið úr þeim rættist fljótt.
Eftir kaffidrykkjuna var sest inn í
stofu og tekið til við skemmti-
efnið sem raunar var af skornum
skammti, sem von var þar sem
svo fáar konur voru mættar á
fundi. Þórðveig las upp ágæta
sögu eftir Þorstein Jósefsson, var
hún um árekstra milli gamla
og unga fólksins og ólík viðhorf
og mat þess á gæðum lífsins.
Jónína las upp „grein úr gömlum
blöðum". Ólafía las kafla

úr bók Guðmundar Hagalíns „Þrek
í þrautum", um hetjulega ferð
ungrar stúlku sem braust um
hávetur í aðrar sveitir til að útvega
vetlaði móður sinni og litlu
systur, matbjörg. Ingibjörg Þórhallsd.
las greinar úr tímaritinu Úrval
og einnig nokkur kvæði eftir
Friðrik Hansen. Þá fóru Helga
Þórðveig og Jónína með kvæði eftir
Friðrik Hansen, og Skúla Guðmunds.
Þær þuldu þetta upp úr sér og
minntu hver aðra á eftir því
sem þurfti. Og stundum
lásu tvær eða þrjár í einu.
Var af þessu hin besta skemmtun.
Þá flutti María Guðmundsd.
nokkrar bændavísur úr Kirkju-
hvammshreppi 1970. sem hún
átti einhversstaðar í fórum sínum
sem sagt.
Um óskyldustu efni fjallað.
upp voru lesin kvæði og sögur.
Þar var bæði spurt og spjallað
Spaugað hlegið, fluttar bögur.
M. G.

Aðalfundur Kvenfélagsins „Siguróskar" var haldinn á uppstigningardag þann 7 maí 1970. Mættar voru 14. konur. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Konurnar sungu sálminn „Þú guð sem stýrir stjarnaher."

1. Formaður þakkaði konunum gott samstarf, á árinu. Síðan gerði hún grein fyrir störfum félagsins. Haldnir voru 4 fundir 1 skemmtif. Félagið þátt í skemmtunum þegar félagsheimilið var vígt þann 14 júní síðastliðinn. og hátíðahöldum 17 júní. Tvær hlutaveltur, 1 basar og Réttaskemmtun. Gamla fólkinu af svæði Kvenfélagsins flutt til kaffidrykkju í Víðihlíð. Í sambandi við þá heimsókn til gamla fólksins á sjúkrahúsinu var pantað sælgæti í heildsölu. Því var skipt niður og hverjum vistmanni færður sælgætispoki.
2. Þá las formaðurinn úrsögn úr félaginu frá Ingibjörgu Kristjánsdóttur frá Kárastöðum. Óskaði hún kvenfélaginu alls góðs og sendi með úrsögninni kr. 500. sem hún sagði að ætti að vera ársgjald til félagsins eða rúmlega það.
3. Þá var rætt um 17 júní og ýmislegt þeim degi viðkomandi. Leitað var álits hjá félagskonum hvort þær vildu selja kaffi um miðjan daginn þann 17. var það samþykkt.
4. María las reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Voru þeir síðan samþykktir. Eignir félagsins eru nú samt. 218.884 kr. Á síðastliðnu ári var greitt í félagheimilið kr. 51.150.
5. Kosningar.

Ingibjörg Þórhallsdóttir formaður mætti ganga úr stjórn félagsins. Stóð þá María upp og flutti vísu. Ingibjörg lét til leiðast að vera áfram þegar henni var sýnt fram á að félagsskapurinn væri í voða ef hennar nyti ekki við í formannsstöðu.

Varaformaður: Elísabet Eggertsd.

Endurskoðendur: Þóra Eggertsd. og Ólöf Ólafsd. til vara. Fjóla Eggertsd.

Fulltrúar á fund K.B. Ingibjörg Þórhallsd. og Ósla Jakobsen. Fjóla til vara.

Kona í fjáröflunarnefnd: Fjóla, og Þóra til vara.

Í 17 júní nefnd Magga og Dóra. til vara: Fjóla.

Félagsheimilisnefnd: Ingibjörg Þórh. til vara: Dóra.

Kaffinefnd: Jónína, Þórdveig, og Ingibjörg Sigurðardóttir. til vara: Elsa.

5. Margrét Theódórsd, afhenti 200 kr. gjöf í minningarsjóð Siguróskar Tryggvadóttur. Ýmislegt kom í ljós á fundinum, svo sem að meðal

félagskvenna lyndist talandi skáld.
6. Fundurinn samþykkti að fulltrúar félagsins sem færu á fund K.B. færu með þau skilaboð frá félagskonum Sigurósker að það fé sem inn kæmi á Kvennabandsskemmtuninni yrði eindregið varið í þágu sjúkrahússins.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundi slitið.

H.K.

Sunnudaginn 6. sept 1970 var fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" í Svaninum. Fundarstjóri var Ólöf Ólafsdóttir og fundarritari Halldóra Kristinsdóttir. Fundinn sóttu 9. konur.

1. Fjóla Eggertsd. skýrði frá gjöf frá Auðbjörgu Tryggvadóttur, Málningu á Hamarsbúð, og skilaði jafnframt innilegri kveðju og árnaði félaginu allrar blessunar.
2. Þá var tekið til umræðu aðalmálið sem eru réttirnar. Ingibjörg Þórh. spurði félagskonur hvort þeim litist betur á að hafa réttadansleikinn úti á palli eða inn í félagsheimili. Rætt var um það fram og aftur og eindregið hallast að því að hafa það með sama sniði og undanfarin ár. Talað var um ýmislegt fleira í sambandi við réttirnar.
3. Ákveðið var að hafa bazar í haust. eins og undanfarin ár.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

H.K.

Fundur var haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hól. 4 febrúar 1971.

Mættar voru 11. félagskonur.

Formaður félagsins var mættur og nefndi til fundarstjóra Þóru Eggertsdóttur og fundarritara Ólafíu Sveinsd.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Þá var lesin upp aðalfundargjörð K.B. frá síðastliðnu vori.
3. Talað var um réttaballið sem haldið var. Það sem kom inn fyrir það voru kr. 23.700 og fyrir kaffisölu rúmar 6000 kr
4. Þá var haldin bazar í haust ágóði af honum var 10.000 kr.
5. Bingó var haldið í nóvember og komu inn fyrir það kr. 4665
6. Jólatrésskemmtun var haldin í félagi við kvenfélagið Björk.
7. Þá var ákveðið að hafa félagsvist í vetur og spila í 3 kvöld.
8. Ingibjörg Sigurðardóttir gaf kvenfélaginu 1000 kr. Einnig gaf Fjóla Eggertsd. 400 kr. í minningu um móður sína. Formaður þakkaði gjafirnar
9. Konur kosnar til að heimsækja vistfólk ellideildarinnar: Ingibjörg Sigurðardóttir Ólafía Sveinsd. Helga Jónsdóttir til vara Ólöf Ólafsdóttir

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Aðalfundur kvenfélagsins „Siguróskar“ var haldin í félagsheimilinu á Hvammstanga 15. maí 1971.

Mættar voru 13. félagskonur.

1. Formaður setti fundinn og bauð félagskonur velkomnar og bað þær að syngja sálminn „Ó, þá náð að eiga Jesú“. Síðan þakkaði hún félagskonum vel unnin störf.
Rakti hún að nokkru starfsemi félagsins. Haldnir höfðu verið 3 fundir. Skemmtun 17 júní í félagi við önnur félagasamtök. Svissar Bingó þriggja kvölda félagsvist.
Þá var haldin basar, og svo barnaskemmtun í félagi við Björk.

2. Ólafía Sveinsd las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

3. Þóra Eggertsdóttir las upp bréf sem félaginu hafði borist varðandi bókmenntakynningu um Karen Blixen. Ekki var hægt að framkvæma núna bókmenntakynningu að svo stöddu en hugsað til þess ef tækifæri gæfist seinna.

4. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim
Eign félagsins í árslok 1970 var kr. 279.883. Félagið greiddi á árinu 40.000 kr. í félagsheimilið á Hól. Reykningarnir voru síðan bornir upp og samþykktir.

5. Halldóra Kristinsd minntist á hvort ekki væri æskilegt að vega minningagarjóði Siguróskar Tryggvadóttur í eitthvað ákveðið en láta hann ekki standa svona ár frá ári. Konurnar allmáðu að hugsa málið til næsta fundar.

6. Þá fóru fram kosningar:
Ritari átti að ganga úr stjórn og var hann endurkosin
Vararitari Þóra Eggertsdóttir
Til að mæta á aðalfundi K.B. Margrét Theódórsd. og María Guðm. til vara Fjóla og Dóra.
Endurskoðendur: Þóra Eggertsd. og Ólöf Ólafsdóttir.
Í 17 júnínefnd: Fjóla Eggertsdóttir og Margret Theódórsdóttir.
Þóra Eggertsd. og Halldóra Kr. til vara.
Í félagsheimilisnefnd: Ingibjörg Þórh. til vara Halldóra Kristinsd.
Kaffinefnd: Ingibjörg Sigurðardóttir Elísabet Eggertsdóttir, Halldóra Kristinsd til vara: Ólöf Ólafsdóttir.

7. Formaður félagsins skýrði frá fundi sem stjórn K.B. hélt með formönnum kvenfélaganna og ræddi ýmiss mál sem þar höfðu komið fram.

8. Talað var um að þeir fulltrúar sem færu frá félaginu á aðalf. K.B. lýstu eindregnum áhuga á að byggð yrðu smá hús fyrir aldrað fólk.
Þá voru ekki fleiri mál til umræðu.

Fundi slitið.

H.K.

Fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" 25 ágúst 1971. í félagsheimilinu á Hól.
Mættar voru 12 konur.

1. Formaður setti fundinn og minntist Helgu Sigurðardóttur á Ytri-Torfastöðum sem lést* í maímánuði síðastliðnum. Risu fundarkonur úr sætum í virðingu við hina látnu.
2. Margrét Theódórsdóttir var tilnefnd fundarstjóri og fundarritari Halldóra Kr.
3. Fundarstjóri skýrði frá gjöf frá Tryggvínu Eggertsdóttur en hún hafði sent félaginu 1000 kr.
4. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
5. Fjóla Eggertsd. las upp rekstrarreikn. 17 júní nefndar hátíðahalda 1971. Hreinn ágóði hvers félags var kr. 16.404.
6. Margrét Theódórsdóttir las rekstrar-reikning félagsheimilisins á Hvamms-tanga. Reikninga yfir byggingakostnað hússins.
7. Fundarstjóri las fundargerð frá aðalfundi K.B.
8. Þá voru réttirnar næst til umræðu. Rætt var niður bakstri. Ákveðið að selja kaffi með brauði kr. 100. fyrir börn kr. 60 og molakaffi 25 kr. Ákveðið að hafa réttaballið í félagsheimilinu eins og í fyrra.
9. Ákveðið var að hafa bazar á sláturtíð og líka hlutaveltu ef mögulegt væri.

Fleira var ekki til umræðu
fundi slitið.

Fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" að Hólbergi á Hvammstanga þann 16 janúar 1972. Fundarstjóri var Ingibjörg Þórhallsdóttir og fundarritari Fjóla Eggertsdóttir
Mættar voru 11 konur.

1 Halldóra Kristinsdóttir las upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.
2. María Guðmundsdóttir gerði grein fyrir starfsemi félagsins frá síðasta fundi. Félagið hélt rétta-dansleik í félagsheimilinu, ágóði af honum varð kr. 65.503. Auk þess seldi félagið kaffi í Hamarsbúð um réttirnar ágóði kr. 4.868. Þá hélt félagið basar og hlutaveltu síðastliðið haust.
3. Félagið hefur afhent 28 sett af sykurkörum og rjómakönnum í félagsheimilið á Hvammstanga.
4. Rætt var um að halda þriggja kvölda spilakeppni og ákveðið að fyrsta kvöldið mánudaginn 17 jan.
5. Heimsókn á Ellideild sjúkrahússins í marz næstkomandi og þessar konur tilnefndar Ingibjörg Sigurðard. Helga Jónsdóttir og Ólafía Sveinsdóttir
6 Helga Jónsdóttir vakti máls á því að félagið gæfi til einhverrar góðgerðar starfsemi t.d. 10 þúsund Hafði hún sérstaklega í huga Söngu

börnin sem svo oft eru til umræðu
í fréttum erlendis frá.
Urðu um þetta nokkrar umræður.
Samþykkt var að gefa til vannærðra
barna erlendis kr. 5.000 og ~~sömu~~
jafn háa upphæð til vangefinna
barna á Íslandi.
Tóku félagskonur sér nú kaffihlé
og gerðu góð skil ágætum veit-
ingum hjá húsráðendum.
7. Eftir kaffihlé var fundi haldið
áfram og las formaður þá upp
bréf frá bréfaskóla SÍS. og ASÍ
þar sem kynntar voru námsgreinar
skólans.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Aðalfundur kvenfélagsins „Siguróskar"
var haldin að Móbergi Hvammst.
30. apríl 1972. Á fundinum
mættu 14. konur
Formaður setti fundinn og stjórnaði
honum.
Bauð hún félagskonur velkomnar
til fundarins og bað þær að
syngja sálminn, „Þín miskunn
ó Guð."
1. Síðan rakti hún starfsemi
félagsins á árinu Haldnir höfðu
verið 2 fundir auk þess 1 handa-
vinnu fundur og 1 skemmtif.
Tekið á móti bændaför Þingeyinga
24 júní. Unnið við skemmtun
17 júní. Rétta dansleikur haldin
í félagsheimilinu á Hvammstanga
Kaffisala um réttir Bazar og
hlutavelta síðastliðið haust.
Barnaskemmtun um jólin.
Einu sinni haldið Bingó.
2. Þá las Halldóra Kristinsdóttir
fundargerð síðasta fundar og
var hún samþykkt.
3. María Guðmundsd. gjaldkeri
las reykninga félagsins og
voru þeir samþykktir.
Skýrði hún jafnframt frá gjöf
sem félaginu hafði borist
frá Jóhönnu Gunnlaugsdóttur
Litla-Ósi 2600 kr. sem
ákveðið var að leggja í
sparisjóðsbók elliheimilisins.
4. Þorbjörg Baldvinsdóttir kom með
þá tillögu að búið væri að
endurskoða reykninga fyrir aðalfund.
en það hefur oftast verið
gert um leið og fundur hefur
átt að hefjast og farið í það
talverður tími. Var það samþykkt.
5. Formaður talaði um að það
þyrfti að endurskoða lög félagsins
og jafnvel breyta þeim
eitthvað. Var ákveðið að lögin
yrðu lesin upp á næsta fundi.
6. Þá fóru fram kosningar.
Gjaldkeri átti að ganga úr
stjórn en skorað var eindregið
á hana að vera áfram. var það
samþykkt, Fjóla vara gjaldkeri.
Fulltrúar á aðalfund K.B.
Elísabet Eggertsdóttir og Margrét
Theódórsdóttir, til vara María
Guðmundsdóttir.
Kosin ein kona í fjáröflunarnefnd
Ingibjörg Þórhallsdóttir, Fjóla til vara.
Endurskoðendur: Ólöf Ólafsdóttir
og Þóra Eggertsdóttir.
17 júní nefnd. Margrét Theódórsd.
og Ingibjörg Þórhalls og María
henni til aðstoðar eftir ástæðum.
Í félagsheimilisnefndi
Ingibjörg Þórhallsd.
Kaffinefnd: Elsa, Halldóra, Osta
og Ólöf til vara.

7. Formaður ræddi lítillega mál K.B. og sagði frá að búið væri að kaupa tannlæknastól, en aðeins mundi vera eftir að ákveða hvar stóllinn yrði staðsettur.

8. Þá var rætt um hvað æskilegt væri að K.B. hefði næst á stefnuskrá sinni og fannst félagskonum eindregið að stefna ætti að því að koma upp smáhúsum eða íbúðum fyrir aldrað fólk. Voru fulltrúarnir beðnir að vekja máls á því.

9. Þorbjörg Baldvinsdóttir talaði um hvort félagskonurnar ættu ekki að senda heillaskeyti til Elinborgar Jónasdóttur frá Syðri-Völlum á sjötugsafmæli hennar þann 10 maí. Voru fundarkonur því samþykkar.

10. Þá var ýtarlegt spjallað með fyrirkomulag við vinnu þann 17 júní og eins um næstu réttir.

11. Þá taldi formaðurinn það ekki mega bregðast að konurnar kæmu einhvern veginn í verk að mála Kvenfélagsskúrinn í sumar.

Fleira ekki til umræðu fundi slitið.

Þriðjudaginn var fundur haldinn í Kvenfélaginu „Sigurósk". í félagsheimilinu á Hvammstanga. 11. konur voru mættar á fundinum. Formaður setti fundinn og bauð konurnar velkomnar.

Fundarstjóri var Elísabet Eggertsd. en fundarritari Halldóra Kristinsd.

1. Margrét Theódórsdóttir skýrði frá útkomunni á skemmtuninni sem haldin var 17. júní. Það sem kom í hlut hvers félags voru kr. 650. Mátti það kallast vel sloppið því að hljómsveitin sem skemmti yfir daginn og um kvöldið tók 126.000 fyrir sinn skerf.

2. Þá var tekin til umræðu rétta-dansleikur. Ákveðið var að selja kaffi með brauði kr. 125 fyrir börn kr. 100.

3. Jónína Ólafsdóttir afhenti félaginu kr. 200 og sagði að það væri aðeins til að friða samviskuna því að hún gæti ekki bakað tertu fyrir réttirnar.

4. Rætt var niður bakstri og spjallað um ýmislegt viðkomandi réttunum. Búið er að ráða hljómsveit Geirmundar Valtýssonar fyrir 25.000 kr. Þá var fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Sunnudaginn 28 jan 1973.
var fundur haldin í kvenfélaginu „Signrósk" að Ytri-Ánastöðum.
Fundinn sóttu 10 konur
Fundarstjóri var Ingibjörg Þórhallsd.
fundarritari Halldóra Kristinsd.
1. formaður skýrði frá því að ágóði af rælladansleik og kaffisölu um réttir ~~var~~ kr 72 þús. af basar rúmlega 10.000.
2. Fjóla Eggertsdóttir las fundargerð frá aðalfundi KB.
3. Formaður skýrði frá því að nýlega hefði verið haldinn formanna fundur hjá Elinborgu Halldórsdóttir formanni KB. Ákveðið var að kaupa svæfingartæki handa sjúkrahúsinu á Hvammstanga, mundi það koma til sjúkrahússins innan skamms.
4. Formaður skýrði frá ýmsum öðrum málum sem höfðu verið þar til umræðu, svo sem sauma námskeiði og hópferð kvenna í þjóðleikhúsið ef hægt væri.
5. Farið var fram á að hver kona greiddi til Hallveigastaða 25 kr. vegna þess hve fjárhagur væri slæmur. Var það samþykkt.
6. Samþykkt var að gefa 25 þús kr. í Vestmannaeyjasöfnunina og gjaldkera falið að senda það rauða krossinum sem fyrst.
7. Þrjár konur voru tilnefndar til að heimsækja vistfólk elliðeildarinnar á sjúkrahúsinu. Þær voru Ólafía, Ólöf og Fjóla Elsa til vara. Var þeim falið að sjá um þessa heimsókn að öllu leiti.
8. Ólafía Sveinsd flutti innilegt þakklæti til félagskvenna, fyrir hjálp henni veitta við jarðarför Jóns manns hennar í desember síðastliðnum.

Þá ~~voru~~ ekki fleiri mál til umræðu.

Fundi slitið.

Aðalfundur Kvenfélagsins „Siguróskar" var haldinn í félagsheimilinu á Hvammstanga 5. júní 1973.
Formaður setti fundinn, bauð félagskonur velkomnar. Bað hún þær að syngja sálminn „Ó þá náð að eiga Jesú". Síðan þakkaði hún konunum gott samstarf á liðnu ári. Rakti síðan í stuttu máli. 2 fundir höfðu verið haldnir á árinu 1. spilakvöld að Ásbrekku(?) Ánastöðum fyrir kvenfélagskonur og þeirra heimilisfólk. Einnig voru þar flutt skemmtiatriði.
Tekið þátt í hátíðahöldum 17. júní
Starfað við hlutaveltu K.B.
Kaffisala um réttir. Réttadansleikur í félagsheimilinu. Basar.
Þá var tekið fyrir
1. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
2. Fulltrúar á fundi K.B. þær Ólöf Ólafsdóttir og Margrét Theódórsd. sögðu frá því helsta sem gerst hafði á fundinum. Meðal annars var ákveðið að setja fast verð á kaffi Veislukaffi kr. 200 fundark. 150 réttakaffi 125 og molak. 50 kr. Ákveðið var að gjöldin til K.B. sem félögin borga af hverri konu í 150 kr. Hver kona láti 4 vinninga á hlutaveltuna.
3. Þá var ýtarlegt rætt um hvernig best væri að versla fyrir hlutaveltu K.B. Ákveðið var að panta plastvörur frá Reykjalundi fyrir kr. 2000.
4. Varagjaldkeri Fjóla Eggertsd. las reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Voru þeir síðan samþykktir.
5. Þá fóru fram kosningar.
Formaður átti að ganga úr stjórn en vegna áskorana lét hún tilleiðast að vera áfram.
Varagjaldkeri starfar um sinn vegna veikinda gjaldkerans og var Margrét Theódórsd kosinn varagjaldkeri.
17. júní nefnd: Margrét Theódórsd.
Félagsheimilisnefnd: Ingibj. Þórhallsd.
Kaffinefnd: Elsa, Dóra, Ósla, til vara Ólöf.
6. Þá var talað um hvort ekki væri hægt að hafa bazar næsta haust, ekki var tekin nein ákvörðun um það. en mundi vera reynt ef hægt væri.
Fleira var ekki til umræðu
Fundi slitið

Laugardaginn 1/12 1973 var fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hvammstanga hjá Ingibjörgu Þórhallsdóttur.
Mættar voru 7 félagskonur.
Ingibjörg Þórhallsdóttir formaður félágsins setti fundinn og bauð félagskonur velkomnar. Var hún fundarstjóri en fundarritari Ólafía Sveinsdóttir.
Byrjað var að lesa upp fundargerð síðasta fundar.
Formannafundur hafði verið haldin með formönnum kvenfélaganna og var rætt um að halda námskeið í félögunum á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Var þetta borið undir fundarkonur og ákveðið að fá þennan ráðamann sem um var rætt til að vera einn dag í okkar félagi.
Tilmæli komu frá Lionsklúbb Hvammstanga hvort kvenfélagið mundi ekki vilja taka þátt í kaupum á snjóbíl sem á að kaupa í læknishéraðið.
Svo voru konur minntar á að kvenfélagið „Sigurósk" er 20 ára 4 apr. næstkomandi. Formaður þakkaði fundarkonum komuna.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Ó. S. fundarritari

Föstudaginn 7 sept 1973. var fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" hjá Ingibjörgu Þórhallsdóttur í félagsheimilinu. á Hvammstanga.
Formaðurinn Ingibjörg Þórhallsdóttir setti fundinn og til nefndi fundarstjóra Fjólu Eggertsdóttir og fundarritara Þóru Eggertsdóttur
Bað hún félagskonur að rísa úr sætum í virðingarskyni við nýlátna félagskonu Helgu Jónsdóttur.
Þá var tekið fyrir:
1. Rætt um væntanlegt réttaball og kaffisölu við réttir og möguleika á að fá nægjanlegan vinnukraft. Ákveðið að kaupa út ræstingu að balli loknu.
Ráðað var niður kökubakstri fyrir rétta kaffi. Búið er að útvega hljómsveit Geirmundar Valtýssonar
2. Halldóra Kristinsdóttir sagði frá að pöntuð hefðu verið leikföng frá Reykjalundi, fyrir tombólu K.B. fyrir 2400 krónur og hefðu ráðamenn Reykjalundar gefið félaginu að auki leikföng fyrir 2000 krónur.
3. Lesin upp fundargerð aðalfundar K.B.
4. Ingibjörg Þórhallsdóttir og Fjóla Eggertsd. gerðu grein fyrir að pantaðar hefðu verið kryddvörur búðingsduft og fl. fyrir félagskonur.
5. Halldóra Kristinsd. vakti máls á

hvort ekki væru möguleikar á að hafa
hlutaveltu í haust og voru konur
sammála um að athuga það mál.
6. Fundargerð lesin upp.
7. Fundi slitið.

Sunnudaginn 24. febr. 1974 var
fundur haldinn í Kvenfélaginu
„Sigurósk". í félagsheimilinu á
Hvammstanga. (hjá Ingibjörgu Þórhallsd.
Mættar voru 10. konur.
Formaður setti fundinn og minntist
með nokkrum orðum nýlátinnar
félagskonu Guðbjargar Tryggvadóttur
og bað félagskonur að rísa úr
sætum í virðingarskyni við hina
látnu.
Tilnefndi síðan fundarstjóra
Ólöfu Ólafsd. og fundarritara Fjólu
Eggertsd.
Þá var tekið fyrir:
1. Rætt var um heimsóknir á Ellideildina
en Kvenfélagið okkar á að heimsækja
fólkið í mars. Urðu um það
nokkrar umræður. Voru þar Ólafía
Sveinsdóttir og Ingibjörg Þórhallsd.
tilnefndar til að sjá um að
skemmta og til vara Halld. Kristinsd.
2. Þá var tekið til umræðu
20 ára afmæli félagsins en það
er 4 apríl næstkomandi.
Var rætt um hvernig konurnar
gætu gert sér dagamun í tilefni
afmælisins. Kom sú uppástunga fram
að halda skemmtifundinn og vanda
vel til hans. Helst á afmælisdaginn
eða sem næst honum. Var það samþykkt
samhljóða.
3. Fjóla Eggertsdóttir gaf stutt yfirlit
yfir hvernig þorrablót hefði
gengið og upplýsti hún að hún
hefði gengið mjög vel. ágóði 60-65 þús
Einnig sagði hún að ágóði af
17 júní skemmtun hefði verið ca 15.
þús. kr.
4. Rætt var um framlag félagsins
til snjóbíls, sem verið er að kaupa
til sjúkraflutninga og samþykkt
var að Kvenfélagið Sigurósk gæfi
25 þús. kr.
5. Ólöf Ólafsd. talaði um hvort
ekki væru tök á að halda
hlutaveltu og töldu félagskonur
sjálfsagt að reyna það við fyrsta
tækifæri. Gæfi hver kona minst
3 hluti og fleiri ef tök væri á.
6. Lesið bréf frá Náttúrulækninga-
félagi Norðurlands á Akureyri.
dags. 29/1, 1974. þar sem leitað er
eftir fjárframlagi til byggingar
hressingarhæli á Norðurlandi
Félagskonur töldu ekki fært að svo
stöddu að leggja fram peninga
til þessara framkvæmda.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Aðalfundur kvenfélagsins „Sigurósk" var haldinn í félagsheimilinu á Hvammstanga 1974. Hjá Ingibj. Þórhallsdóttir. 10. konur sátu fund.
Formaður setti fundinn bauð félagskonur velkomnar og bað þær að syngja sálminn „Ó þá náð að eiga Jesú". Bað hún félagskonur að rísa úr sætum í virðingarskyni við nýlátna félagskonu Ostu Jakobsen.
Ekkert hafði orðið úr að 20 ára afmæli félagsins væri minnst. Orsakir voru ýmsar ekki síst hin miklu og erfiðu veikindi Ostu Jak.
1. Lesin var fundargerð síðasta fundar.
2. Formaður rifjaði upp helstu störf á árinu sem leið.
Starfað var við skemmtun 17 júní. haldinn rétladansleikur og kaffisala við réttir. Ræddir voru ýmsir möguleikar til frekari starfsemi á næsta ári.
2. Formaður skýrði frá því að hún hefði nýlega mætt á formannafundi K.B. þar sem til umræðu var væntanleg þjóðhátíð í Kirkjuhvammi. og hvað kvenfél. Sigurósk mundi geta lagt þar af mörkum hvað vinnu snerti.
Þá minntist hún á kvennabandshátíðina og hvernig fyrirhugað væri að hafa hana í ár. En það mun vera með öðru móti en vanalega.
3. Þá talaði Margrét Theódórsd. um hátíðahöld 17. júní og hvernig væri helst fyrirhugað að hafa hátíðahöldin Búið var að ráða hljómsveit og Karlakórinn „Vökumenn".
4. Gjaldkeri las reikninga og skýrði þá voru þeir síðan samþykktir
5. Halldóra Kristinsdóttir talaði um hvort kvenfélagið gæti ekki lagt eitthvað af mörkum til kaupa á orgelinu sem nýbúið er að fá í Hvammstangakirkju en það á að kosta 200.000 Samþykkt var að gefa kr. 50 þús.
6. Þá fóru fram kosningar:
Ritari átti að ganga úr stjórn var endurkosin
Vararitari: Þóra Eggertsdóttir
Fjóla Eggertsdóttir sem gegnt hefur varagjaldkerastarfi að undanförnu tók við gjaldkerastörfum næsta ár.
Varagjaldkeri: Margrét Theódórsd.
Þar sem farist hafði fyrir í fyrra að kjósa varaformann var hann kosinn núna: Elísabet Eggertsd.
Endurskoðendur: Ólöf Ólafsdóttir og Þóra Eggertsdóttir.
17. júní nefnd: Margrét Theódórsd. til vara Ingibjörg Þórhallsd.
Félagsheimilisnefnd: Ingibj. Þórhallsd. til vara Fjóla.
Til að mæla til undirbúnings

Þjóðhalidar: Ingibj. Þórhallsd. til vara Fjóla Eggertsdóttir.
Fulltrúar á aðalfund K.B: Margrét Theódórsdóttir og Elísabet Eggertsdóttir. til vara: Ólöf Ólafsdóttir.

7. Kvenfélagið Signrósk sendir fyrirspurn til K.B. hvort heimilt sé að taka inn í félagið konu sem búsett er á öðru félagssvæði.

8. Næst var tekin fyrir lagabreiting og því breytt að aðalfund félagsins skal halda í mars eða apríl ár hvert í stað apríl eða maí.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið.

Kvenfélagið „Signrósk"
20 ára 4. apríl 1974.

félagskonur.

Ingibjörg Þórhallsdóttir (formaður)
Halldóra Kristinsdóttir (ritari)
Fjóla Eggertsdóttir (gjaldkeri)
Hólmfríður Teitsdóttir
María Guðmundsdóttir
Elísabet Eggertsdóttir
Ólöf Ólafsdóttir
Ólafía Sveinsdóttir
Þorbjörg Baldvinsdóttir.
Ingibjörg Sigurðardóttir
Þórdveig Jósefsdóttir
Jónína Ólafsdóttir
Þóra Eggertsdóttir
Osla Jakobsen
Jóhanna Gunnlaugsdóttir.
Margrét Theódórsdóttir

Fimmtudaginn 10. okt. 1974. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu, hjá Ingibjörgu Þórhallsdóttur.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. fundarritari Halldóra Kristinsd.
1. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar K.B.
2. Þá var mikið rætt um hvort halda skuli basar í haust. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að Basar yrði haldinn í nóvember. í stað þess að hann hefur alltaf verið í október. Félaginu hafa borist margir fallegir munir á Basar. unnir af Önnu Reiners.
Fleiri mál lágu ekki fyrir að sinni Röbbuðu konurnar ýmislegt saman sér til gagns og skemmtunar
Síðan var fundi slitið.

Sunnudaginn 2 mars 1975 var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hól. hjá Ingibjörgu Þórhallsdóttur.
Formaður setti fundinn og bað Elísabet Eggertsdóttur að vera fundarstjóra og fundarritara Halldóru Kristinsd.
1. Lesin var fundargerð síðasta fundar
2. Sagt var frá því að basar var haldinn í haust. Ágóði af honum var 18.000 kr. Einnig var spiluð þriggja kvölda félagsvist fyrir hátíðar. Ágóði af henni var 12.000 kr.
3. Kvenfélagið Sigurósk hefur á síðastliðnu ári gefið samtals Kr. 75.000 í orgelkaup í Hvammstanga kirkju.
4. Þá var rætt um heimsókn til gamla fólksins á Sjúkrahúsinu. Þessar konur voru tilnefndar í þá heimsókn. Ólöf Ólafsd. Ingibjörg Þórhallsd. og Hólmfr. Tulsd. Heimsóknin á að vera í mars.
5. Formaður K.B. hafði óskað eftir því að konur í kvenfélögunum gerðu sér grein fyrir því hvað þær teldu helst að K.B. ætti að beita sér fyrir næst. Ákveðið var að hugsa þetta mál til næsta aðalfundar.
6. Formaður minnti konurnar á að í vor á kvenfélagið okkar að

taka á móti aðalfundi K.B.
7. Margrét Theódórsdóttir talaði um að spila félagsvist, núna fljótlega. Samþykkt var að hafa fyrsta spilakvöldið í næstu viku.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Sunnudaginn 5. apríl 1975 var aðalfundur Kvenfélagsins Sigurróskar haldin í félagsheimilinu á Hól. hjá Ingibjörgu Þórhallsdóttur.
Formaður setti fundinn bauð konur velkomnar og bað þær að syngja sálminn „Í fornöld á jörðu".
10 konur voru mættar á fundinn.
1. Síðan rakti formaður störf, félagsins á síðast liðnu ári
Haldnir hafa verið 3 fundir
25 þúsund kr. gefnar í snjóbílskaup.
75 — — — í orgelkaup í Hvammstanga kirkju. Réttaskemmtun haldin. Kaffisala við réttir.
Basar í nóvember 3. spilakvöld í desember. Unnið við þjóðhátíð í Kirkjuhvammi. og einnig unnið við hlutaveltu K.B.
Þakkaði hún konunum mjög vel fyrir frammistöðuna.
2. Þá var lesin fundargerð síðasta fundar.
3. Gjaldkeri las reikninga félagsins gerði grein fyrir þeim. Þeir síðan bornir upp og samþykktir
4. Ingibjörg Þórhallsdóttir talaði um hvort ekki væri skemmtilegt að kvenfélagið gæfi sjúkrahúsinu bókina „Húnaþing," sem er nýkomin út. Og svo seinna heftið þegar það kemur út. Var það samþykkt og Ingibjörgu falið að afhenda bókina á sumardaginn fyrsta.
5. Ákveðið var að kvenfélagið gerðist kaupandi að blaðinu „Hugur og hönd," Konurnar fengju svo lánuð blöðin eftir vild.
6. Þá fóru fram kosningar
Gjaldkeri átti ganga úr stjórn en var endur kosinn og einnig varagjaldkeri.
Þá voru endurskoðendur endurkosnir
17. júní nefnd. Margrét Theódórsdóttir
Félagsheimilisnefnd: Ingibjörg Þórhallsd. til vara Fjóla Eggertsdóttir.
Fulltrúar á fund K.B.
Ólöf og Þóra Eggerts. til vara Fjóla Magga og Elsa.
7. Þá var talað um hvernig helst yrði hagað móttöku fundar K.B. Einnig að kvenfélagið sæi um veitingar á morgun þegar búnaðar samband V-Hún veitir verðlaun þeim sem skara fram úr í búskap.
Formaður þakkaði konunum komuna.
Fleira ekki fyrir. Fundi slitið

Fimmtudaginn 11. sept. 1975
var fundur haldinn í kvenfélaginu Iðunn
Sigurósk hjá Ingibjörgu Þórhallsd.
í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Mættar voru 9. konur.
Ingibjörg Þórhallsd. setti fundinn
og tilnefndi fundarritara Elísabet
Eggertsdóttur.

1. Formaður las fundargerð aðalfundar K. B.
2. Ingibjörg Þórhallsd. skýrði frá því að Ágúst Jakobsson hefði afhent félaginu að gjöf kr. 10.000 Var nokkuð rætt um hvernig þeim peningum skyldi varið.
3. Næst var rabbað nokkuð um væntanlega réttaskemmtun og kaffisölu við réttir.
4. María Guðmundsdóttir þakkaði kvenfélagskonunum fyrir gjöf sem þær færðu henni í tilefni af sextugsafmæli hennar 8 sept. en það voru bækurnar Eiðurinn og Þyrnar eftir Þorstein Erlingsson.
5. Hallast var að því, eftir nokkrar umræður að hafa basar annað-hvort ár.
6. Að lokum las Ingibjörg Þórhallsd. upp kvæði um Stefán Helgason.

Fundargerðin lesin upp
Fundi slitið.

Sunnudaginn 6. mars 1976. var fundur haldin í kvenfélaginu Sigurósk að Ásbraut 2. Hvt. hjá Fjólu Eggertsdóttur mættar voru 6. konur.
Fundarstjóri Margrét Theódórsdóttir las upp fundargerð síðasta fundar.
Fundarritari Þóra Eggertsdóttir.
Þá var tekið fyrir:

1. Rætt var um heimsókn á Elliheimilið
2. Rætt var um félagsmálanámskeið sem K.B. ætlar að gangast fyrir dagana 19-22 mars. nk. Var áhugi hjá fundarkonum, en ekki var hægt að taka ákvörðun um þátttöku.
3. Ingibjörg Þórhallsd. sagði frá fyrirhuguðum hjónadansleik K.B. sem væntanlega verður í Staðarskála.
4. Ingibjörg Þórhallsd. las upp bréf frá K.Í. um væntanlegt þing norrænna húsmæðrasambandsins sem halda á í Reykjavík dagana 20 – 23. ágúst næstkomandi.
5. Þóra Eggertsd. vakti máls á því hvað kvenfélagið hefði orðið litlum starfskröftum á að skipa og stakk upp á því að félagskonur kæmu á næsta aðalfundi með tillögur um breytta starfshætti félagsins þannig að dregið yrði úr störfum þess út á við en meira yrði gert til gagns og gamans á fundum

félagsins.
6. Þórdveig Jósefsdóttir las upp kvæðin Auðunn Vestfirski eftir Karl Ploug, í þýðingu Ólafs Þ. Kristjánssonar, Steinunn í Vík eftir Erlu og Stubbur eftir Tómas Guðmundsson.
7. Þóra Eggertsdóttir las úr ljóðaþýðingum Magnúsar Ásgeirssonar.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Þriðjudaginn 20 apríl 1976 var aðalfundur kvenfélagsins „Siguróskar" í félagsheimilinu hjá Ingibjörgu Þórhallsd. 8 konur voru mættar á fundinum. Formaður bauð konurnar velkomnar og bað þær í upphafi fundar að syngja sálminn. „Ó þá náð að eiga Jesú".
1. Formaður skýrði frá starfsemi félagsins á liðnu ári og þakkaði konunum það sem þær höfðu lagt af mörkum
2. Það helsta er hér talið
3. fundir á árinu. Tekið á móti aðalfundi K.B. Séð um kaffiveitingar í hófi Búnaðarsambands V-Hún. Unnið við hátíðahöld 17. júní. Réttaskemmtun og kaffisala í réttum. Gefnar 25 þús krónur í orgelkaup Hvammstanga kirkju.
3. Þá las gjaldkeri reikninga og skýrði þá. Þeir voru síðan bornir upp og samþykktir.
4. Þá fóru fram kosningar
Formaður átti að ganga úr stjórn en vegna eindreginna óska félagskvenna, féllst hún á að gegna félagsstörfum áfram.
Fulltrúar á aðalfund K.B: Þóra Eggertsdóttir Elísabet Eggertsd. til vara Halldóra Kristinsd. Ingibj Þórhallsd. og Margrét Theódórsdóttir
Endurskoðendur: Þóra og Ólöf.
Í 17 júní nefnd: Margrét Theódórsd. til vara Ingibjörg Þórhallsd.
Í félagsheimilisnefnd Ingibjörg Þórhallsd. Í fjáröflunarnefnd K.B: Fjóla Eggertsdóttir til vara Margrét Theódórsdóttir.
5. Rætt var nokkuð um það hvað helst væri að Kvennabandið beitti sér fyrir.
Öllum konunum fannst það sem mest væri aðkallandi að auka við pláss elliheimilisins. Fulltrúunum sem fara á fundinn er falið að velja mál á því sem helst væri til úrbóta.
Sérstaklega ef hægt væri að reisa litlar íbúðir.
Þá var Margréti Theódórsdóttir falið að athuga hvað helst vantaði í sjúkrahúsið.
6. Þá skýrði formaður frá því

að hún hefði leyfi að pantað yrði á nafni kvenfélagsins. Tæki til sjúkrahússins. Tæki þetta er ætlað til notkunnar við giglarsjúklinga. Í innkaupi yrði það ódýrara á nafni kvenfélagsins en sjúkrahússins.

Ýmiss önnur mál voru rædd aftur og fram. Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Sunnudaginn 1. júní 1976. var fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" í félags-heimilinu á Hvammstanga hjá Ingibjörgu Þórhallsd.
8. konur voru mættar á fundinum. Þóra Eggertsdóttir var tilnefnd fundarstjóri og fundarritari Halldóra Kristinsd.
1. Elisabel Eggertsdóttir skýrði frá því að K.B. hefði verið boðin 1% eignarhluti í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Stjórn K.B. hefði ekki viljað taka ákvörðun um málið en óskuðu eftir að bera það undir konurnar í kvenfélögunum og óskar eftir svari sem fyrst.
Mikið var um þetta rætt og komu fram ýmiss sjónarmið
2. Svohljóðandi tillaga var samþykkt
Fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" 1. júní gerir svohljóðandi tillögu. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða réttindi eignaraðild K.B. að félagsheimilinu á Hvammstanga veitir K.B. til samkomuhalds og annarar starfsemi. Telur fundurinn sér ekki fært að taka afstöðu til málsins.
3. Þá minntist Margrét Theódórsd. á ýmislegt í sambandi við 17. júní og leitaði eftir vinnukrafti.
4. Samþykkt var að panta plastvörur frá Reykjalundi fyrir 10.000 kr. fyrir væntanlega hlutaveltu K.B.
5. Þá var einnig ákveðið að það sem konurnar ættu að leggja fram til hlutaveltunnar yrði tekið út af peningum félagsins
Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Laugardaginn 6. nóv. 1976. var fundur haldin í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hvammstanga. 9. konur mættu til fundar.
Ingibjörg Þórhallsdóttir formaður félagsins setti fundinn og bauð félagskonur velkomnar. Síðan bar hún upp inntökubeiðni í félagið frá Gunnhildi Vigdísi Þorsteinsdóttur Hvammstanga
Var hún samþykkt með öllum

alkvæðum. Bauð hún hana síðan hjartanlega velkomna í félagið
1. Lesin var fundargerð síðasta fundar. Hún var síðan borin upp og samþykkt.
2. Þá var lesin fundargerð aðalfundargerð K.B.
3. Ýmislegt var rætt um námskeið og voru konurnar sammála um að það væri mjög skemmtilegt ef hægt væri að hafa eitthvað þannig sér til gagns og skemmtunar.
4. Þá var rætt um basar og hvernig hentugast væri að haga því máli. Vegna ýmissa aðstæðna varð ekkert af því að basar væri í haust. Samþykkt var að hafa hann næsta haust.
5. Margrét Theódórsdóttir skýrði frá því að nokkur ágóði hefði orðið af 17 júní skemmtun sl. vor þannig hafði komið í hlut hvers félags milli 70 og 80 þúsund kr.
6. Ákveðið var að reyna að hafa spilakvöld eftir jól.
7. Mikill áhugi var fyrir ef konurnar gætu komið saman með handavinnu sér til gamans. Mikið var spjallað og hlegið.

Fleira ekki til umræðu
Fundi slitið

Sunnudaginn 21. nóv. 1976. var fundur haldin í Kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Fundinn sóttu 8. konur.
Formaður setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Ólöfu Ólafsd. og fundarritara Halldóru Kristinsdóttur
1. Formaðurinn skýrði frá því að fyrir stuttu hefði hún verið kvödd til fundar með formönnum kvenfélaga í sýslunni.
Erindi fundar þessa var að til Kvennabandsins hafði borist bréf frá Kvenfélaginu Björk á Hvt.
Efni þessa bréfs var það að lagt er til að K.B. beiti sér fyrir því að byggt verði nýtt sjúkrahús á Hvammstanga í sambandi við væntanlega heilsugæslustöð.
Þá yrði það sem nú er sjúkrahús tekið til nota fyrir Ellideild
Þessa tillaga verður svo rædd í hverju kvenfélagi og þau sendi svo síðan K.B. álit sitt um málið. Miklar umræður urðu um málið og voru konurnar allar sammála um það um að æskilegt væri að K.B. gengi fram í þessu máli.
Tillaga svohljóðandi var samþykkt.
Fundur haldin í Kvenfélaginu Sigurósk 21/11 1976 samþykkir eindregið að K.B. styðji bygginga

sjúkradeildar í sambandi við heilsugæslustöð á Hvammstanga. Fundarkonur tóku þó fram að þær gæti ekki skuldbundið sig til að taka ákveðna prósentu eða lofað ákveðinni peninga upphæð, en mundu styðja þetta málefni eftir því sem fjárhagsástaður leifa.

2. Skýrt var frá því að K.B. hefði borist tillaga um hvort það gæti ekki beitt sér fyrir því að ráðin yrði stúlka til hjálpar þar sem veikindi eða aðrir erfiðleikar væru á heimilum

3. Halldóra Kristinsd. stakk upp á því við félagskonur að þær sendu Önnu Reiners afmæliskveðju á 75 ára afmæli hennar þann 10. des. næstkomandi Hún hefur sýnt kvenfélaginu Sigurósk sérstaka vinsemd og hlýhug.
Samþykktu félagskonur það allar einum rómi.

4. Þá var samþykkt að vita hvort ekki væri hægt að fá Þóru Jónsd. handavinnukennara til að leiðbeina konunum við hnýtingar og fleira. Formanni var falið að tala við hana.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Um mánaðamótin nóv. og des 1976 komu kvenfélags konurnar í Sigurósk saman með handavinnu í félagsheimilinu á Hvammstanga. Þar er nú búið að gera vel úr garði herbergi sem konurnar geta komið saman í. Í því eru skápar sem þær geta haft til afnota fyrir sig eða sína starfsemi. Þóra Jónsdóttir mætti á fundinum til leiðbeiningar í hnýtingum. Haft var með sér kaffi og talað um að sú regla skyldi á komast að tvær konur kæmu með kaffi í hvert sinn. Til að koma með kaffi næst: Þóra og Tjóla.
Mikið kapp var í konunum og margt spjallað.

Þann 27. jan 1977 var fundur haldinn í Barnaskólanum á Hvammstanga. 9 félagskonur voru mættar til fundar. Fundarefni var lítið annað en konurnar langaði til að hittast. Ingibjörg formaður útbýtti súkkulaði sem pantað hafði verið í heildsölu.
Tjóla og Þóra voru með kaffi handa hópnum og allskyns góðgæti með. Mætti segja að konurnar gerðu sér það að góðu

þess má geta að einn karlmaður sat fundinn og var ekki annað að sjá en að hann passaði vel í hópinn það var Gísli Jakobsson. Konurnar voru kátar og hressar og voru uppi ýmsar ráðagerðir svo sem félagsvist Þóra Eggertsd. bauð félagskonum að sjá myndina Hornstrandir en hana hafði Barnaskólinn að láni um þessar mundir.
Þetta er falleg litmynd með íslenskum texta sem Kristján Eldjárn flytur.
Þótti öllum afargaman af að sjá myndina.
Til að koma með kaffi á næsta fund. Elsa og Magga Th.

Þá var ekki fleira sem gerðist.

Sunnudaginn 4. mars 1977.

komu 9. félagskonur í Sigurvík saman í Barnaskólanum á Hvammstanga, Tilefnið var að nú átti að halda skemmtifund. Um leið og konurnar voru komnar þar inn í kennslustofu mátti segja að borð væri hlaðið af alls-kyns kaffibrauði, enda var ekki látið lengi bíða að fá sér kaffi-sopa. Dregið var um hvaða kona ætti að byrja að skemmta og kom upp nafn Ingibjargar formanns. og svo hver af annarri

1. Ingibjörg flutti skemmtilega frásögn af orlofsdvöl að Laugalandi í Eyjafirði. Kom þar fram að gott er að eiga kynni við konur úr fjarlægum héruðum. Minntist hún þessara samvistardaga með mikilli ánægju
2. Gunnhildur Þorsteinsdóttir flutti mörg erindi eða brag, eftir eina af orlofsdvalarkonum að Laugalandi. en hún hafði dvalið þar á sama tímabili.
3. Margrét Theódórsdóttir las úr vísnasafni Sigurðar á Haukagili, en þar er að finna margar hnyttnar og vel gerðar vísur.
4. Elísabet Eggertsdóttir flutti frumsamin ljóð.
5. Þóra Eggertsdóttir las úr nýútkom-

-inni ljóðabók eftir Jón frá Ljárskógum.
Í henni eru hugljúf kvæði sem unun er á að hlýða.
Þá sýndi hún einnig litmyndina „Sveitin milli sanda", sem er falleg mynd.

6. Þar næst stakk Fjóla Eggertsdóttir upp á því hvort konurnar ættu ekki að kveðast á. Sumar þeirra voru bara liðugar í því aðrar gátu fremur lítið.

7. Ólöf Ólafsdóttir las upp úr bókinni „Aldnir hafa orðið" eftir Erling Davíðsson, frásögn húsfreyjunnar að Reynihlíð í Mývatnssveit.
Að því loknu bar hún fram nokkrar spurningar um ýmislegt efni og áttu konurnar að svara.
Engin hafði öll svörin rétt en Halldóra Kristinsd. var með flest svör rétt, og hlaut vettlinga að launum.

8. María Guðmundsdóttir flutti frásögn í léttum dúr um kvenfélagskonurnar og hestamenn.
Einnig flutti hún lausavísur.

9. Þá flutti Halldóra Kristinsdóttir ferðalýsingu í ljóðaformi, frá ferðalagi að Reykhólum á Barðaströnd.
Einnig raulaði hún nokkur lög með gítarundirleik.

Konurnar hugsuðu nú til heimferðar eftir ánægjulegan dag.

Þann 29. apríl 1977. var aðalfundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurvök" í Félagsheimilinu á Hvammstanga.
9. konur sóttu fundinn. Að venju var hlaðið borð.

1 Formaður setti fundinn og bað konur að syngja fyrsta erindi af sálminum Þú guð sem stýrir stjarnaher.
Þakkaði hún konunum síðan samstarfið á liðnu ári.
Bað hún ritara að lesa upp fundargerðir undanfarinna funda.

2. Næst las gjaldkeri reikninga félagsins og skýrði þá. Voru þeir síðan bornir upp og samþykktir.

3. Þá rakti formaður helstu störf félagsins á árinu.
Fundir voru 4. og 1. handavinnufundur og 1. skemmtifundur.
Unnið að hátíðahöldum 17. júní og einnig Kvennabandsskemmtun Réttaball og kaffisala.
Tekið á móti gamla fólkinu í sumar. Heimsókn á Elliheimilið.

4. Þá fóru fram kosningar:
Ritari Halldóra Kristinsdóttir átti að ganga úr stjórn en vegna áskorana verður hún áfram.
Varavitari var einnig endurkosin.
Fulltrúar á aðalfund K.B. Gunnhildur Þorsteinsdóttir og Fjóla Eggertsdóttir til vara Þóra Eggertsd. og Halldóra Kristinsdóttir.

Endurskoðendur voru endurkjörnir
Ólöf Ólafsdóttir og Þóra Eggertsdóttir.
Í 17. júní nefnd var kosin Margrét
Theódórsdóttir og Gunnhildur Þorsteins-
til vara.
Félagsheimilisnefnd Ingibjörg Þórhallsd.

5. Félaginu hefur verið úthlutað
fyrsta ágústhelgin til skemmtana-
halds í félagsheimilinu.

6. Fundurinn samþykkir að bjóða
K.B. þessa ágústhelgi fyrir sína
skemmtun. Fulltrúarnir sem
fara á fundinn beðnir að koma því
á framfæri.

7. Halldóra Kristinsdóttir bað fulltrúa
að minnast þess á kvennabandsfundi
að dagur gamla fólksins að sumrinu
yrði gerður í alla staði sem ánægju-
legastur.

8. Fyrirhugað er að hafa basar annað
hvort ár.

9. Fundurinn samþykkir að gera
3 konur að heiðursfélögum
Jóhönnu Gunnlaugsdóttir
Ingibjörgu Sigurðardóttir
og Þorbjörgu Baldvinsdóttir.

10. Lög félagsins lesin upp.
og samþykktar breytingar

11. Lög félagsins skrifist inn í þessa
bók eftir breytinguna
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

## Lög félagsins

1. gr.

Félagið heitir „Sigurósk"

2. gr.

Félagssvæðið skal ná frá Sauðadalsá
að Þóreyjarnúpi að báðum bæjum
meðtöldum þó sé heimilt að taka
inn í félagið konur utan þessa
svæðis ef þær eru ekki í öðru
kvenfélagi.

3. gr.

x Kjósa skal þrjár konur í stjórn
formann, ritara og gjaldkera
og aðrar þrjár til vara.

4. gr.

Formaður boðar til fundar eða
auglýsir þá eigi síðar en daginn
áður en þeir eru haldnir.
x Formaður stjórnar sjálf aðalfundi
sem ekki er lögmætur nema mættur
sé minnst helmingur félagskvenna.
og lætur sér annt um hag félagsins
allan og velfarnað.
Gjaldkeri innheimtir og varðveitir
peninga félagsins og leggur þá í
sjóð. Einnig geymir hann alla
reikninga félagsins og hefur á hendi
út borganir. Ritari bókar fundar-
gerðir og annað er rita þarf í þágu
félagsins og geymir fundargerðarbók.

X 5. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar-mars ár hvert. Skal þá gjalda árgjald leggja fram reikninga. Lesa upp lög félagsins og fleira. Að öðru leiti skal aðalfundur vera skemmtifundur öðrum fremur.

X 6. gr.

Fundi skal halda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði að vetrinum. Skal jafnan kjósa 2-3 konur á hverjum fundi til að halda uppi umræðum, eða lesa upp eða skemmta á annan hátt, á þeim næsta

X 7. gr.

Árlega skal kjósa nefnd til að yfirfara reikninga félagsins og leggja þá fram á aðalfundi til undirskrifta.

8.

Félagið skal á hverjum vetri hafa með höndum starf nokkurt Skal það afla tekna með eigi minna en einni skemmtun árlega

9.

Tekjum félagsins skal verja samkvæmt fundarsamþykktum og samkvæmt stefnuskrá félagsins.

X 10. gr.

Inntöku geta konur fengið í félagið á hvaða fundi sem er með samþykkt meirihluta mættra félagskvenna. og skulu þær þá gjalda inntökugald. En úrsagnir sem skulu vera skriflegar eru aðeins teknar til greina á aðalfundi og les formaður þær þá upp í áheyrn félagskvenna.

11. gr.

Mál sem framkoma í félaginu og rædd eru á fundum þess, skulu meðhöndluð sem einkamál utan félags.

12. gr.

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni

13. gr.

Ef ein eða fleiri félagskvenna æskir fundar, að gefnu tilefni, skal formaður skyldur að verða við þeirri ósk og boða til fundar.

14. gr.

Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi.

Föstudaginn 8 júlí 1977 var fundur haldinn í Kvenfélaginu „Sigurósk" að Syðri-Ánastöðum Mættar voru 11 konur.
Formaður Ingibjörg Þórhallsdóttir setti fundinn, og til nefndi fundarstjóra Þóru Eggertsdóttur og fundarritara Fjólu Eggertsdóttur

1. Halldóra Kristinsdóttir las upp fundargerð síðasta fundar var hún borin upp og samþykkt.
2. Ákveðið var að þeim konum sem gerðar voru heiðursfélagar skyldu sent áritað skjal Jóhönnu Gunnlaugsdóttur á 90 ára afmæli hennar 12 júlí og Þorbjörgu Baldvinsdóttir á 80 ára afmæli hennar þann 10. nóv.
3. Þóra Eggertsdóttir las upp fundargjörð aðalfundar K.B. 1977. Var síðan rætt um ýmislegt sem var í fundargerðinni.
Þá var rætt um hvernig helst yrði minnst 60 ára afmæli K.B. fannst konunum sjálfsagt að gefa sjúkrahúsinu fremur einhverja gjöf heldur en halda veislu.
4. Ingibjörg Þórhallsdóttir ræddi nokkuð um kaup á vinningum fyrir skemmtun K.B. og fyrir hvað mikla upphæð yrði keypt í ár. Ákveðið var að pantaðar væru plastvörur frá Reykjalundi fyrir 5-6000 kr.
5. Ingibjörg Þórhallsdóttir vakti máls á því hvort félagið ætti að ráðast í að halda skemmtun 6. ágúst þar sem K.B. hafði fengið annan dag fyrir sína skemmtun og þyrfti ekki á þessari helgi að halda, eins og félagskonur í Sigurósk buðu fram. Ákveðið var að skemmtunin yrði haldin.
6. Margrét Theódórsdóttir afhenti ágóða af 17 júní skemmtun. Hlutur þessa félags af því sem inn kom var 17.200 kr.
7. Rætt var um að félagið gengist fyrir ferðalagi í 1. dag annað hvort til berja eða bara til að sjá sig um. Ákveðið var að stefna að því að ferðast helst í Ágúst.
8. Þá lýstu konurnar ánægju sinni yfir því að hafa boðið félagskonum í Von á Vatnsnesi að skemmta sér með sér eina kvöldstund á síðastliðnum vetri.
9. Margrét Theódórsdóttir kom með þá uppástungu að kaupa stofaborð til minningar um Ostu Jakobsen og gefa í dagstofu sjúkrahússins. Leist konunum vel á þessa uppástungu
10. Fundurinn samþykkir að hætta nú loksins að selja mönnum félagskvenna kaffi í réttunum.

Fundargerðin lesin upp og fundi síðan slitið.

Mánudaginn 20 febr. 1978. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigursósk" í félagsheimilinu, á Hof. Mættar voru 10 konur.

1. Formaður setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Þóru Eggerts og fundarritara Elísabet Eggertsd.
2. Halldóra Kristinsd las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
3. Ingibjörg Þórhallsdóttir bar kvenfélagskonum kveðju og innilegt þakklæti frá Þórdveigu Jósefsd. fyrir veitingar við jarðarför manns hennar Davíðs Þorgrímssonar.
4. Rætt var um heimsókn til gamla fólksins á sjúkrahúsinu gert var ráð fyrir að tala við harmonikuleikara og athuga hvort hægt væri að sýna skuggamyndir. Stungið var upp á Dóru og Elsu og neituðu þær ekki.
5. Ingibjörg Þórhallsdóttir tók næst til máls og sagði frá því að hún hefði farið á formannafund Meðal annars sagði hún frá því að keypt yrði litasjónvarp í tilefni sextugs afmælis K.B. og sjúkrahúsinu fært það að gjöf.
6. Rætt var um hvort konurnar hefðu áhuga fyrir einhverjum námskeiðum, höfðu margar töluverðan áhuga fyrir því, en ekkert ákveðið í þeim efnum.
7. Næst var talað um handavinnu og skemmtifund í mars. var gerður að því góður rómur.
8. Margrét Theódórsdóttir flutti mál um smáíbúðir fyrir aldraða og hafði hún brennandi áhuga fyrir málinu. Lagði hún fram 100.000 kr. sem settar skulu á bók, sem félagskonur og fleiri gætu lagt inn á til styrktar þessu málefni. Var mikill áhugi fyrir þessu hjá konunum.
9. Ákveðið var að setja megin hluta af peningum kvenfélagsins á vaxtaaukareikning.
10. Þóra Eggertsdóttir skilaði kveðju frá Norskri konu Bergljót Nythus og las upp úr „Húsfreyjunni" frásögn eftir hana.
Einnig las Þóra upp kvæðið „Við öldungs gröf," eftir Kristján frá Djúpalæk.
11. Að lokum þáðu konurnar myndarlegar veitingar hjá Ingibj. Þórhallsd. og Margréti Theódórsd. Drukku konurnar vel af kaffi og gerðu sjónvarpsfl[illegible] og öðru góðgæti góð skil en hugsuðu minna um línurnar.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi Slitið.

Föstudaginn 21. apríl 1978 var aðalfundur kvenfélagsins „Sigurósk" haldinn í félagsheimilinu á Hól. Mættar voru 7 konur.
Formaður setti fundinn og bað konurnar að syngja sálminn þín miskunn ó guð.

1. Formaður þakkaði konunum gott samstarf á liðnu ári
2. Þá las formaður inntökubeiðni í félagið frá Klöru Helgadóttur Hvammstanga. Lýstu konurnar einróma ánægju sinni yfir því að fjölgaði í félaginu.
3. Þá sagði formaður frá fundi sem haldinn var í félagsheimilinu til af niðurröðun skemmtana á næstkomandi sumri. Ekki var þar fullráðið hvaða helgi kvenfélagið Sigurósk fær til skemmtanahalds. Sagði hún jafnframt frá ýmsum nýjungum sem er algjör skylda í skemmtanahaldi
4. Aðalstörf kvenfélagsins á árinu eru sem hér segir
Haldnir 2 fundir. Unnið við skemmtanahald 17. júní. Haldin skemmtun í ágúst. Réttadansleikur. Kaffiveitingar við Hamarsrétt. Kvenfélagskonum í Von á Vatnsnesi boðið til kvöldskemmtunar síðla vetrar. Farið í ~~Skemmti~~ferð um Borgarfjörð í 1 dag. Þar sem félagskonur buðu mönnum sínum og fleira fólki. Ferðin heppnaðist vel.
5. Ritari las lög félagsins.
6. Samþykkt var að hækka árgjöld ~~f~~félagsins í kr. 500.00
7. Þá las gjaldkeri reykninga og skýrði þá. Tekjur afgangur umfram gjöld voru 660.508 kr. Voru reykningarnir bornir upp og samþykktir.
8. Þá var rætt um hvort ekki væri æskilegt að halda hlutaveltu Mikill áhugi var fyrir því að halda hana í haust. Allur ágóði af henni skal leggjast inn í Vaxtaaukabókina til Íbúðabygginga, og skal það einnig auglýst til hvers ágóðinn rennur.
9. Ákveðið var að panta frá Reykjalundi plastvörur fyrir kr. 10.000 Einnig eitthvað af sælgæti frá sælgætisgerð, vegna væntanlegrar hlutaveltu K.B.
10. Þá fóru fram kosningar.
Gjaldkeri Fjóla Eggertsdóttir baðst undan endurkosningu. Kosningu hlaut Margr. Theódórsd. Varagjaldkeri Fjóla Eggertsdóttir
Endurskoðendur.
Þóra Eggertsd. og Vigdís Þorsteinsd.
2 fulltrúar á fund K.B.
Halldóra Kristinsd og Elísabet Eggerts.

Til vara Ingibjörg Þórhallsdóttir
og Margrét Theódórsdóttir
Fjáröflunarnefnd:
Margrét Theódórsd. og Vigdís Þorsteinsd.

11. Svohljóðandi tillaga var samþykkt þar sem félagskonur í kvenfélaginu Sigurósk treysta sér ekki lengur sökum fámennis, að vinna við skemmtun 17 júní ákveður fundurinn að hætta samstarfi í 17 júní nefnd.

12. Fulltrúar sem fara á aðalfund K.B. eru beðnir að gera það að tillögu sinni að hækka gjöld félaganna til K.B. úr kr. 10. í kr. 100.00 á hverja konu.

13. Samþykkt var að kaupa annað laufabrauðsjárn.

14. Ólafía Sveinsdóttir var gerð að heiðursfélaga á áttræðis-afmælinu þann 27. mars s.l.

15. Þóra bað konurnar að hugsa hvernig helst yrði minnst 25 ára afmælis „Siguróskar" næstkomandi vetur.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Mánudaginn 19. júní 1978. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Sigurósk" í félagsheimilinu á Hvammstanga. Formaður félagsins Ingibjörg Þórhallsd. setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Tjörlu Eggertsdóttur og fundarritara Þóru Eggertsd.

1. Ritari félagsins las upp fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2. Ritari félagsins las upp fundargerð síðasta aðalfundar K.B. 4 maí 1978.

3. Rætt var um væntanlega hlutaveltu K.B. Eftir miklar umræður um vinningafjölda og fl. var eftirfarandi tillaga samþykkt. Fundurinn ákveður að félagið kaupi vinninga fyrir skemmtun K.B. fyrir kr. 14.000.

4. Rætt var um skemmtun 21. júlí í sumar. Kvenfélaginu Sigurósk hefur verið úthlutað sú helgi. Allmiklar umræður urðu um þetta mál. Ákveðið var að halda skemmtunina.

5. Þá voru á dagskrá umræður um skemmtiferð í sumar. Áhugi var fyrir skemmtiferð. Var nefnd kosin til undirbúnings þessar konur voru kosnar Margrét Theódórsd, Vigdís Þorsteinsd og Ingibjörg Þórhallsdóttir.

6. Ingibjörg Þórhallsd. og Halldóra Kristinsd vöktu máls á því hvort ekki væri ráðlegt að panta vörur frá verksmiðjunni Record.
Mikill áhugi var fyrir því.
Halldóru var falið að útvega vöru og verðlista.
7. Halldóra Kristinsd. færði kvenfélaginu 5.000 kr frá Þorbjörgu Baldvinsdóttur og skilaði jafnframt kveðju frá henni. Mæltist hún til að þetta yrði lagt í byggingasjóð fyrir aldraða.
8. Ólafía Sveinsdóttir þakkaði fyrir þann heiður sem kvenfélagskonur sýndu henni á 80 áraafmæli hennar, með því að gera hana að heiðursfélaga.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Þ. E.

Föstudaginn 8. des. 1978 kl. 17 var fundur haldinn í kvenfélaginu Sigurvósk í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Engin sérstök dagskrá lá fyrir fundinum en fundarkonur létu sig það engu skipta og töluðu hver sem betur gat.
1. Margrét Theódórsd. las upp bréf frá Ungm. samb. V.-Hún. þar sem þess er farið á leit að kvenfélagið Sigurvósk taki þátt í spurningarkeppni Ungm. samb. í vetur.
Umræður urðu nokkrar um málið. Ákveðið var að taka ekki þátt í keppninni.
2. Ingibjörg Þórhallsd. sagði frá formannafundi K. B. sem haldinn var í nóvember s.l. Þar kom fram að konum gæfist ef til vill kostur á Pfaff-sniðanámskeiði í vetur, 30 klst. (þ.e. 2-3 stundir á dag) Kostnaður fyrir hvern nem. áætlaður 11 þús. Ekki var áhugi hjá fundarkonum fyrir þessu námskeiði.
3. Rætt var um hvort kvenfélagið Sigurvósk ætti að taka þátt í jólatrésskemmtun kvenf. Bjarkar á Hvammstanga. Skoðanir voru skiptar um það mál þar sem börn félagskvenna eru flest eldri en svo að þau sæki jólatrésskemmtanir.

Formanni var falið að kynna sér hvort aðrar konur á félagssvæði kvenfélagsins hefðu áhuga fyrir að koma börnum sínum á jólatrésskemmtun.
4. Að lokum drukku kaffi og borðuðu duglega með.

Fundi slitið
Fjóla Eggertsd.
(fundaritari)

Mánudaginn 22. janúar 1979 var fundur haldinn í kvenfélaginu Sigurósk í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Mættar voru 8 konur.
Formaður félagsins setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Margréti Theódórsdóttur og fundarritara Fjólu Eggertsdóttur.
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, borin upp og samþykkt samhljóða.
2. Lesið upp bréf frá Stéttarsambandi bænda þar sem sagt er frá að þeir hafi á aðalfundi sínum samþykkt svohljóðandi ályktun: „Aðafundur Stéttarsambands bænda 1978 skorar á stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir því að starfandi kvenfélögum í sveitum landsins verði tryggður tekjustofn til starfsemi sinnar.“
3. Lesið upp bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands þess efnis að í tilefni barnaársins helgi kvenfélögin einn fund í byrjun ársins 1979 málefnum barna á sínu félagssvæði t.d varðandi skólamál, heilsugæslu, leikaðstöðu dagvistarmál, félagsmál o.fl.
Urðu um bréf þetta nokkrar umræður, en síðan ákveðið

að láta bíða að taka ákvörðun um þetta málefni en konur hugsuðu betur um það til næsta fundar en þá gæti þetta rætt betur.

4. Rætt var um heimsókn til gamla fólksins í mars n.k. Ákveðið var að Vigdís Þorsteinsd. sýni myndir og Elísabet Eggertsd. og Ólöf Ólafsdóttir skemmti gamla fólkinu á einhvern hátt. Ákveðið var að panta sælgæti handa gamla fólkinu á elliheimilinu og til að selja kvenfélagskonum.

5. Rætt var um hvort áhugi væri hjá félagskonum fyrir að fá tilsögn í handavinnu eða föndri t.d. hnýtingum. Virtist talsverður áhugi vera fyrir þessu máli og ákveðið að grennslast eftir því hvort Þóra Jónsd. væri fáanleg til að leiðbeina konunum við hnýtingar. Ennfremur var ákveðið að panta hnýtigarn.

6. Þóra Eggertsdóttir vakti máls á því hvernig konunum litist á að halda nokkurs konar fræðslufundi þar sem konurnar fræddu hver aðra um ýmsa hluti. Leist konum mjög vel á þessa hugmynd og töldu að þær gætu lært ýmislegt hver af annarri, enda leggðu þær sig fram með vera hugmyndaríkar.

Þegar hér var komið sögu var gefið kaffi-hlé. Síðan var fundi fram haldið.

7. Þann 4. apríl næstkomandi verður félagið 25 ára og höfðu fundarkonur áhuga fyrir að gera sér þá einhvern dagamun. Urðu nokkrar umræður um þetta mál. Ákveðið var að hafa skemmtikvöld með góðu kaffi og einhverjum skemmtiatriðum og bjóði konurnar sínum mönnum þær sem þá eiga en hinar bjóði þeim sem þær hafa helst áhuga fyrir. Fyrrverandi félagskonum og þeirra mönnum verði einnig boðið.

8. Ákveðið var að reyna að halda skemmtifund í næsta mánuði, og eftir hálfan mánuð handavinnufund þar sem konur gætu komið með ýmsar hugmyndir.

9. Þóra Eggertsd. vakti máls á því hvort félagið ætti að gefa einhvern hlut í tilefni afmælisins. Umræður urðu nokkrar. Ákvörðun frestað.

10. Þórðveig Josefsd. las upp greinina „Hún amma mín“ eftir Jóhönnu Kristjánsdóttur, Kirkjubóli.

11. Fundargerðin lesin upp. Fundi slitið.

Fimmtudagskvöldið 22. febrúar 1979 komu konur í Kvenfélaginu Sigurósk saman í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Engin sérstök dagskrá lá fyrir fundinum, en þó virtust konur hafa nóg umræðuefni.
Konur höfðu með sér ýmislegt til að vinna í höndunum meðan þær töluðu saman og slógu þar með tvær flugur í einu höggi. Mest var rætt um hannyrðir og skiptust konur á hugmyndum og skoðuðu blöð og myndir um það efni.
Í fundarhléi þáðu konur rausnarlegar veitingar hjá Margréti og Vigdísi.
Ekki spillti það ánægjunni af þessum fundi að í fundarlok var konum gefinn kostur á að kaupa, á hagstæðu verði, súkkulaði og annað sælgæti sem kvenfélagið hafði pantað. Voru konur broshýrar er þær héldu heim af þessum fundi.

Þriðjudagskvöldið 27. mars 1979 komu félagskonur í kvenfélaginu Sigurósk saman í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Þóra Jónsdóttir mætti á fundinum til leiðbeiningar í hnýtingum. Kvenfélagið var búið að útvega efni til þeirrar vinnu.
Aðeins fjórar kvenfélagskonur mættu á fundinum en auk þeirra þrjár ungar konur utan félags sem boðið hafði verið að taka þátt í þessari handavinnu.

Sunnudaginn 22 apríl 1979.
Kl. 20.00 var aðalfundur haldinn í Kvenfél. Sigurósk í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Mættar voru 7 konur.
1. Formaður félagsins setti fundinn, bauð félagskonur velkomnar og bað þær að syngja sálminn „Ó, þá náð að eiga Jesú"
2. Vararitari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
3. Formaður flutti skýrslu um störf félagsins á síðastliðnu ári. Haldnir voru 4. fundir á árinu. Farin var eins dags

skemmtiferð um Skagafjörð í júli.
Skemmtun var haldin í júli en tap varð á henni.
Rilla dansleikur haldinn í sept. með góðum hagnaði
Hlutavelta haldin í Október með talsverðum hagnaði eða rúml 182.000 kr.
Formaður gat einnig um gjafir til félagsins á síðastliðnu ári

| | | |
|---|---|---|
| Frá | Ágúst Jakobssyni | 50 þús. kr |
| — | Þórðveigu Jósefsdóttur | 5 – – |
| — | Þorbjörgu Baldvinsd | 5 – – |
| — | Holmfr. Teitsdóttur | 25 – – |
| — | Ónafngreindum | 5 – – |
| — | — – – – | 10 – – |

4 Gjaldkeri las upp og skýrði reikninga félagsins, þeir síðan samþykktir samhljóða.

5. Vararitari las upp lög félagsins Formaður félagsins Ingibjörg Þórhallsdóttir og vararitari Þóra Eggertsdóttir höfðu yfirfarið lögin og lögðu fram nokkrar breytingartillögur sem allar voru samþykktar samhljóða. Breytingar tillögurnar fylgja hér með. Samþykktur á aðal fundi 22.4. 1979.
Eftirfarandi greinar orðist þannig.

3. gr.

Stjórn kvenfélagsins skipi 3 konur. Formaður, ritari og gjaldkeri og skal ein kosin á hverju ári, þannig að hver kona sitji þrjú ár í stjórn. Árlega skal kjósa 2 konur í vara stjórn, sem gangi í röð inn í aðalstjórn í forföllum stjórnarkvenna. Telji aðalstjórn nauðsynlegt að kalla varastjórn til aðstoðar ber varastjórn skylda til starfa.
Eftir þriggja ára starf í stjórn, eða nefnd, eiga konur kost á að vera lausar við sömu störf næstu 3. ár.

4. gr.

Á eftir orðunum – eru haldnir – komi Aðalfund skal halda boðaðan með þriggja daga fyrirvara

5. gr.

Aðalfund skal halda í febr.– mars ár hvert. Skal þá gjalda árgjald leggja fram reikninga, lesa upp lög félagsins og fl.

6. gr.

Fundi skal halda eigi sjaldnar en 4–6 sinnum á ári og skal einn þeirra vera skemmtifundur. Skal jafnan kjósa tvær til þrjár konur á hverjum fundi til að halda uppi umræðum lesa upp eða skemmta á

annan hátt á þeim næsta

7. gr.
Árlega skal kjósa tvo endurskoðendur til að yfirfara reikninga félagsins og leggja þá fram á aðalfundi til undirskrifta.

Ath. 9. gr.

10. gr.
X Inntöku geta konur fengið á hvaða fundi sem er með samþykki meirihluta mættra félagskvenna, og skulu þær þá gjalda árgjald.

6. Rætt var um störf kvenfélagsins í framtíðinni. Urðu allmiklar umræður um það mál og komu fram ýmsar hugmyndir sem verða kanske teknar til athugunar síðar. Einnig las formaður upp yfirlit yfir það helsta sem K.B. hefur á undanförnum árum gefið til sjúkrahússins og dvalarheimilis aldraðra. Fannst konum það orðið talsvert mikið.
Í sambandi við 25 ára afmæli kvenfélagsins 4 apríl síðastliðinn var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Þar sem ekki hefur tekist að halda skemmtifund í tilefni 25 ára afmælisins ákveður

fundurinn að farið verði í eins dags ferðalag fyrripartinn í sumar og bjóði konurnar mönnum sínum (eða einhverjum öðrum með sér) Pantaður verði matur eða veislukaffi fyrir hópinn á einhverjum smekklegum stað. Samþykkt var samhljóða að endurkjósa skemmtiferðarnefndina frá síðasta ári. Í nefndinni eru Ingibjörg Þórhallsdóttir, Margrét Theódórsd. og Vigdís Þorsteinsdóttir.
Þegar hér var komið var gefið
— Kaffihlé. —
Konur borðuðu sig saddar af rjómapönnukökum, tertum kleinum o.fl. í boði Þóru Eggerts og Fjólu systur hennar.
Að því loknu var fundi framhaldið
7. Kosningar: Formaðurinn Ingibjörg Þórhallsdóttir baðst eindregið undan endurkosningu var Þóra Eggertsdóttir kosin í hennar stað.
1. varamaður í stjórn Elísabet Eggerts
2. varamaður Klara Helgadóttir
Endurskoðendur Fjóla Eggerts. og Vigdís Þorsteinsdóttir.
Fulltrúar á aðalfund K.B. Ingibjörg Þórhallsdóttir og Fjóla Eggertsdóttir til vara: Margrét Th.
Í eigendanefnd félagsheimilisins var endurkosin Ingibjörg Þórhallsd.

8. Til að koma með einhver umræðuefni eða annað skemmtiefni á næsta fundi Klara Helgadóttir og Vigdís Þorsteinsdóttir.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

(Þ. E. fundarritari)

Þriðjudaginn 4. maí var fundur haldinn í Kvenfélaginu Sigurvon í Barnaskólanum á Hvammstanga. Mættar voru 8. konur.

1. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
3. Fulltrúar sem fóru á aðalfund K.B. voru mættar á fundinum þær Ingibjörg Þórhallsdóttir og Fjóla Eggertsdóttir. Sögðu þær frá því helsta sem þar var rætt. Minntust á minningabók K.B. að fólk skrifaði smágreinar um látna Húnvetninga og væru smá peningagjafir látnar fylgja með sem rynnu til sjúkrahússins. Einnig sögðu þær frá réttarráðgjöf sem veita ókeypis leiðbeiningar og upplýsingar og veitir svör um lögfræðileg málefni. símanúmer er 27609. Pósthólf 4260 Reykjavík póstnúmer 124.
4. Þóra Eggertsdóttir sagði frá því að afhentar hefðu verið kr. 100.000 ~~til~~ til Hvammstangakirkju, sem varið skal til fegrunar kirkjulóðar. Afhenti Margrét Theódórsdóttir séra Pálma Matthíassyni peningana sem gefnir voru í tilefni af 25 ára afmæli kvenfélagsins.
5. Þá var drukkið kaffi og sáu Ingibjörg Þórhallsdóttir og Fjóla Eggerts. um meðlætið. Meðan setið var við kaffidrykkju skemmti Vigdís Þorsteinsdóttir með upplestri af segulbandi og flutti þar langan brag um sveitastjórnir á norðurlandi.
6. Að lokum sýndi Þóra Eggertsd. íslenska 30 mínútna kvikmynd sem heitir verið er komið.
7. Fundi slitið

V. Þ. fundarritari

Fundur haldinn í kvenfélaginu Sigurósk í félagsheimilinu á Hvammstanga miðvikudaginn 25. júlí. Mættar voru 9. konur. Fundarstjóri Fjóla Eggertsd. og fundarritari Ingibjörg Þórhallsdóttir.

1. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lesið bréf frá séra Pálma Matthíassyni þar sem hann þakkar gjöf til kirkjunnar.
3. Formaður vakti máls á að laga þyrfti Hamarsbúð. Voru miklar umræður um það mál. Allar konurnar voru sammála um að fela stjórninni að útvega mann til framkvæmda.
4. Formaður talaði um skemmtun við réttir. Stjórninni falið að ráða hljómsveit og athuga um kaup á gastækjum til kaffihitunar í Hamarsbúð. Ákveðið að selja réttakaffi á 1500 kr. og molak. 300. 1000 kr. fyrir börn.
   Hver kona reyni að útvega vinnukraft við réttadansleik.
5. Ákformað var að hafa hlutaveltu til ágóða fyrir byggingu aldraðra í október í haust, og Halldóru Kristinsdóttur falið að útvega plastvörur frá Reykjalundi fyrir 20 – 25 þús. kr. Konurnar beðnar að gera sitt besta að gefa muni
6. Lesin fundargjörð K.B.
7. Önnur mál. Formaður ræddi um verð á vefgrindum og vefstólum. Stjórninni falið að kynna sér verð og kaup ef henni líkist þannig á.
   Klara og Fjóla komi með skemmtiefni á næsta fund.
   Konurnar drukku kaffi ásamt tertum og kökum frá Elsu og Klöru, og hættu heldur við kilóin.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
I. Þ.

Fimmtudaginn 31. jan. 1980 var fundur haldinn í kvenfélaginu Sigurósk í félagsheimilinu á Hvammstanga.
Formaður félagsins Þóra Eggertsd. setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Elísabet Eggertsdóttir og fundarritara Fjólu Eggertsd.

1. Halldóra Kristinsd las upp fundargerð síðasta fundar. Borin upp og samþykkt.
2. Lesin upp inntökubeiðni frá Guðrúnu Bjarnadóttir Helguhvammi. Var hún borin upp og samþykkt samhljóða
   Formaður bauð hina nýju félagskonu

velkomna í félagið.

3. Þá las formaður bréf um stofnun Kvennasögusafns Íslands. einnig um greiðslu til Kvenfélagasambands Íslands og á hvern hátt innheimta skuli þau gjöld hjá hverju félagi.

4. Þá las formaður upp bréf frá Náttúrulækningafélagi Akureyrar þar sem farið er fram á að félagið gefi eitthvað til Náttúrulækningafélagsins. Urðu um það umræður og samþykkt að formaður svaraði bréfinu á þann hátt að við sæjum okkur ekki fært að svo stöddu að leggja fram peninga til þessara mála.

5. Ingibjörg Þórhallsdóttir kom með þá tillögu að félagið keypti afmælisrit Önnu Sigurðardóttur. Var það samþykkt og formanni falið að annast kaupin.

6. Þá var rætt um hlutaveltuna sem ekki komst í verk að halda í haust. Ákveðið var að halda hlutaveltu helst í febrúar. Þóru og Margréti Th. falið að kaupa hluti fyrir félagið fyrir allt að 30 þús kr. Konurnar komi þeim hlutum sem þær ætla að gefa fyrir miðjan febrúar.

7. Þóra Eggertsdóttir vakti máls á því hvað konunum dytti helst í hug að gera sér til gagns og gamans á fundum í vetur. Um þetta urðu nokkrar umræður. Síðan var gert kaffihlé.
Mikið var og vel drukkið enda nóg á borð borið hjá Margréti Theódórsdóttur og Vigdísi Þorsteinsdóttur.
Þá var fundinum haldið áfram og rætt um að reyna að halda skemmtifund, í vetur.
Umræður urðu nokkrar.
Ákveðið var að næsti fundur yrði skemmtifundur.
Halldóra Kristins. og Ólöf Ólafsd. buðu að skemmtifundurinn yrði haldinn hjá þeim.

8. Að lokum sýndi Fjóla ágætar myndir teknar í afmælisferð félagsins á síðastliðnu sumri.

Fundi síðan slitið
Fj. E.
(fundarritari)

Síðasta vetrardag þann 23 apríl 1980
var aðalfundur kvenfélagsins Sigurósk-
haldinn í félagsheimilinu á
Hvammstanga. 11 konur mættu til fundar
1. Formaður setti fundinn og stjórnaði
honum. Bað hún konurnar að syngja
sálm, minntist síðan látinnar
félagskonu Ingibjargar Sigurðardóttur
en hún lést 16 sept. síðastliðinn.
Risu fundarkonur úr sætum í
virðingarskyni við hina látnu
2. Ritari las fundargerð síðasta fund-
ar, og var hún samþykkt.
3. Formaður gerði grein fyrir störfum
félagsins á árinu. Þau helstu voru
Haldnir voru 4 fundir
Farin vel heppnuð skemmtiferð
í 1 dag í tilefni afmælis félagsins.
Farið var vestur Laxárdalsheiði,
fyrir Klofning, vestur í Reykhóla
til baka yfir Tröllatunguheiði og
inn Strandir. Afmæliskaffi drukkið
í Bjarkarlundi.
Haldinn var réttardansleikur.
Selt kaffi við réttirnar.
Aldraðir íbúar félagssvæðisins
fluttir í kaffiboð K.B. í Reykjaskóla
Haldin hlutavelta í mars.
K.V.H. gaf 30 þús. í vörum
og Verslun Sig. Pálmasonar, svipaða
upphæð, einnig gaf. Verslun Sig. Tryggvas.
góða muni; þessi fyrirtæki hafa áður
lagt okkur lið. Þá gaf Saumastofan

og einnig einstaklingar.
Þakkar félagið þessum aðilum.
Gefnar voru 100,000 kr til fegrunar
kirkjulóðinni.
Keyptur var vefstóll og rakgrind.
Keypt gestisængurlæki í Hamarsbúð,
þau voru notuð við réttir og gáfust
vel.
Gjafir til félagsins.
frá Ólafíu Sveinsdóttur 500 kr
– Hólmfríði Teitsdóttur 3000 –
Ein kona gekk í félagið á árinu
og ein lést.
4. Þá var lesið bréf frá Jónínu
Ólafsdóttur, þar sem hún segir
sig úr félaginu. Fylgdi kveðja til félagskvenna
með þökk fyrir liðin ár, einnig 25.000
króna gjöf frá henni.
5. Gjaldkeri félagsins las reikninga
og skýrði þá. Voru þeir bornir upp
og samþykktir. Tekjur félagsins
á árinu umfram gjöld voru 1.096550 kr
6. Breitt var 7. gr. laga félagsins þannig
að hún hljóði svo: Árlega skal kjósa
2 endurskoðendur til að yfirfara reikn-
inga félagsins, og leggja þá undirskrif-
aða fram á aðalfundi.
7. Formaður las bréf frá rauðakross-
deildinni á Hvammstanga, þar sem
leitað er eftir því hvort kvenfélagið
Sigurósk sjái sér fært að leggja
eitthvað af mörkum til kaupa
á sjúkrabíl sem væntanlegur er

um næsta mánaðarmót. Málið var rætt
og samþykkt að félagið legði fram 500 kr.
8. Þá las formaður upp bréf frá hand-
prjónasambandinu, þar sem kynnt
er starfsemi sambandsins; þar eru
konur hvattar til að gerast félagar.
Sambandið getur ekki fullnægt
eftirspurn eftir ullarvörum.
9. Rætt var um á hvern hátt helst
yrði framkvæmd greiðsla til kven-
félagasambands Íslands. Konurnar
voru á eina máli um það að ekki
yrði greidd prósenta af tekjum félagsins.
Fulltrúum sem fara á aðalfund K.B.
er falið að láta það sjónarmið í ljósi.
Einnig að kvenfélagið okkar sé ein-
dregið fylgjandi því að K.B. vinni
áfram að málefnum aldraðra.
10. Þá fóru fram kosningar.
Ritari Halldóra Kristinsdóttir baðst
undan endurkosningu, var Elísabet
Eggertsdóttir kosin í hennar stað.
2 konur í varastjórn, Klara Helgad.
og Guðrún Bjarnadóttir.
Fulltrúar á aðalfund K.B. Þóra
Eggertsdóttir og Ingibjörg Þórhallsdóttir.
Til vara Guðrún Bjarnadóttir og
Margrét Theódórsdóttir.
Í eigendanefnd félagsheimilisins
Ingibjörg Þórhallsdóttir.
Í fjáröflunarnefnd K.B. Margrét Theó-
dórsdóttir, til vara Klara Helgadóttir
og Fjóla Eggertsdóttir.

Til að heimsækja vistfólk á Elliðeild
Sjúkrahússins: Ólöf Ólafsdóttir og
Elísabet Eggertsdóttir og var þeim falið
að útvega skemmtiefni og kaupa
sælgæti.
11. Þá var til umræðu hvort yrði
farið í ferðalag í sumar. Til að sjá
um undirbúning á því voru konurnar
Vigdís Þorsteinsdóttir og Margrét
Theódórsdóttir.
12. Formaður vakti máls á því
hvort ekki væri athugandi að
félagið keypti uppistöðugarn í
vefstólinn, sem konurnar síðan
keyptu aftur eftir því hve afkasta-
miklar þær yrðu við vefnaðinn.
Þóru og Fjólu falið að sjá um
framkvæmd í þessu máli.
13. Þá var ákveðið að reyna að
hafa skemmtifund snemma næsta
vetur, þar sem hann hafi alveg
farist fyrir á þessum vetri.
Konurnar fengu ágætar veitingar
í boði Þóru og Fjólu.
Fleira var svo ekki tekið fyrir
Fundi slitið
H. K.

Mánudaginn 9 júní 1980 var fundur haldinn í Kvenfélaginu Sigurósk.
Mættar voru 7 konur
Þóra Eggertsdóttir setti fundinn og tilnefndi fundarritara Fjólu Eggertsd.
Þá var tekið fyrir eina málið sem sem var á dagskrá, skemmtiferð hjá kvenfélaginu. Margrét Theodórsdóttir flutti framsöguræðu og rakti ýmsar leiðir sem kæmu til greina að fara ræddu konur um þetta fram og aftur.
Ákveðið var að fara laugardaginn 21 júní, annaðhvort norður eða suður, væri veður þann daginn látið ráða. Þá var ferðanefnd. Margréti Theódórsdóttur og Vigdísi Þorsteinsdóttur, falinn allur undirbúningur, skyldu þær hafa samráð við bílstjóra um vegalengdir o.fl.
Þá las Þóra Eggertsdóttir upp lauslegt yfirlit úr fundargerð af sambandsfundi K.B.
Rætt lítillega um kvennabandsskemmtun.
Að lokum var rætt um þá brýnu nauðsyn að fá einhverja smiði til að lagfæra ýmislegt í Hamarsbúð.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Föstudaginn 9.9 1980.
var fundur haldinn í kvenfélaginu "Sigurósk, í fjélagsheimilinu á Hvammstanga.
Mættar voru 12 konur.
Formaður setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Fjólu Eggertsd. og fundarritara Klöru Helgadóttur.
Fundarkonur mynntust látins félaga Þorbjargar Baldvinsdóttur.
Þá var tekið fyrir.
1. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt
2. Lesin fundargerð aðalfundar K.B. Fulltrúar af fundi K B svöruðu spurningum.
3. Réttarandirbúningur.
Þóra Eggertsdóttir kvaðst vera búin að útvega hljómsveitina Miðaldamenn frá Siglufirði, ætla þeir að taka 435.000. kr með bíl.
4. Rætt um lagfæringu á kaffiskúrnum Hamarsbúð. Ráðað niður bakstri fyrir kaffisölu, rætt um verð á veitingum.
Kaffi og brauð með skal selt á
2.500,00 kr fyrir fullorðna
1500,00 kr. fyrir börn
molakaffi 400,00 kr
Rætt um að útvega starfsfólk á réttardansleik.
5. "Önnur mál.
Margrét Theódórsdóttir minnti

konur á að ákveðið hefði verið
að halda skemmtifund snemma
næsta vetur, og komi allar konur
með andlegt og líkamlegt fóður
inn og venjulega. Einnig minnt-
ist Þóra Eggertsd. á að gaman
væri að halda kaffikvöld og
bjóða ferðafélögum úr skemmtiferð-
um frá síðustu sumrum.

6. Elsa las upp frábærar skrítlur.
7. Til að skemmta á næsta fundi
Klara og Imma
Til að koma með meðlæti með
kaffi á næsta fundi.
Imma og Dóra

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Fimmtudaginn 2 október 1980
var fundur haldinn kvenfélaginu
Sigurósk í Félagsheimilinu á Hvammst.
10 konur voru mættar á fundi.
Þóra Eggertsdóttir formaður setti
fundinn og stjórnaði honum,
tilnefndi fundarritara Halldóru Kristinsd.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar
borin upp og samþykkt.
2. Þá skýrði Margrét Theódórsdóttir
gjaldkeri frá útkomu á Réttardansleik
og kaffisölu, það sem lagt var
inn á bók þegar allt hafði verið
greitt 1384.150 kr. Allt gekk
vel og gekk meðal annars
mjög vel að fá vinnukraft.
Aðgangseyrir á dansleikinn
var kr 8.000.
3. Þá var tekið fyrir aðalmál
fundarins, en það var kaup á
hljóðfæri í Félagsheimilið.
Fyrirspurn til félagsins hvort
það yrði með í kaupum, eftirfarandi
fundarsamþykkt var gerð.
Fundur haldinn í kvenfélaginu
Sigurósk í félagsheimilinu á
Hvammstanga, hefur gjört svo-
fellda ályktun. Þar sem félagið
hefur nú þegar tekið ákvörðun um
í hvað það hyggst verja sínum
fjármunum. sér það sér ekki fært
að styðja væntanleg kaup á hljóðfæri
fyrir félagsheimilið á Hvammstanga.
(f.h. kvenfélagsins Siguróskar.)

Síðan var drukkið kaffi í boði
Halldóru Kristinsdóttur og Ingibjargar
Þórhallsdóttur
Þá sýndi Vigdís Þorsteinsdóttir
nokkuð af myndum frá ferðalögum
í sumar.
Ingibjörg Þórhallsdóttir sagði skrýtlur
og las upp kvæðið Fossinn og fljótið
eftir Ágúst Bjarnason og einnig
fleiri ljóð eftir hann.
Þá var ekki fleira tekið fyrir

Fundi slitið.

Þriðjudaginn 30 mars 1981 var
aðalfundur kvenfélagsins „Sigurósk"
haldinn í félagsheimilinu á Hvammstanga
Mættar voru 9 konur.
Formaður félagsins Þóra Eggertsdóttir
setti fundinn og bauð konur velkomnar og bað þær að syngja sálminn
Ó þá náð að eiga Jesú.
1. Ritari las upp fundargerð síðasta
fundar og var hún samþykkt.
2. Formaður las upp ársskýrslu félagsins
1981. Haldnir voru 4 fundir á árinu
auk aðalfundar. Stjórnin kom einu
sinni saman á fund. Formaður
mætti einu sinni á formannafundi
Hlutavelta var haldin í febrúar til
ágóða fyrir íbúðir aldraðra, hlutir sem
ekki gengu út voru geymdir og
settir á hlutaveltu á sumarskemmtun K.B. Kvenfélagskonur lögðu fram
vinnu við þá skemmtun og gáfu muni
Laugardaginn 21 júní var farin eins dags.
skemmtiferð, um Uxahryggi til Þingvalla
Ætlað var að aka til baka um
Kaldadal og Húsafell, en sú leið var
ófær, svo farið var að Laugarvatni um
Grímsnes og Kjósarskarð og svo aðalleiðin heim. Þátttaka var góð í þessu
ferðalagi, voru félagskonur með maka
sína eða gesti. Þetta var mjög vel
heppnuð ferð.
Kvenfélagið sá um flutning aldraðs
fólks til kaffidrykkju í Víðihlíð á vegum

K.B.

Selt var kaffi í Hamarsbúð á gangnadag, föstudaginn 19 sept. inn komu 265 þús kr brúttó. Um kvöldið þann 19 sept. var haldinn fjörugur réttar- ~~dan~~ dansleikur að vanda í Félagsheimilinu á Hvammstanga við undirleik Miðaldamanna. Félagskonur lögðu fram mikla vinnu við réttarkaffi og dansleik. Brúttótekjur af dansleik og kaffi 2861900 (gaml kr)

Föstudaginn 21 nóv. bauð kvenfélagið þátttakendum úr skemmtiferðum síðustu 4 sumur, voru sýndar lit-skyggnur frá ferðalögunum, Þóra Eggertsdóttir og Vigdís Þorsteinsd. sýndu. Góðar kaffiveitingar voru og svo voru smá upplestrar, var þetta skemmtilegt kvöld.

3. Gjaldkeri félagsins Margrét Theódórsdóttir las upp reikninga og skýrði þá, þeir síðan bornir upp og samþykktir.

Tekjur á árinu umfram gjöld

Gjafir til félagsins, frá Jónínu Ólafsd. 25 þúsund. frá Hólmfríði Tietsdóttur 25500 kr.

Kvenfélagið gaf 500 þús. (g k) í sjúkrabíl og til hjálparstofnunar kirkjunnar Afríkuhjálpar 200 þús (g k)

4. Nokkur bréf og skýrslur höfðu borist til formanns og gerði hann grein fyrir þeim. Bréfin voru frá X hljómsveitinni Ósir sem bauð fram sína skemmtikrafta.

Gunnari Sæmundssyni X f.h. U.S.V.H. um félagsmálanámskeið.

Bréf Kvenfélagasambandi Íslands um orlofsdvöl kvenna Norræna húsmæðrasambandsins að Hvanneyri í Borgarfirði dagana 1 júlí – 7 júlí 1981.

Bréf var frá Hótel Esju þar sem það kynnti sín vildarkjör.

Lögð var fram skrá um gjöfir ~~til~~ K.B. til sjúkrahússins.

5. Lesin voru lög félagsins og lítillega rætt um þau. Ákveðið var að ársgjöld félagskvenna yrði kr 50 (nýk)

Ólafía Sveinsdóttir gaf 500 (g.k).

6 Lagðir var fram reikningar Félagsheimilisins á Hvt. árið 1979.

Þá var kaffitími og voru veitingar höfðinglegar hjá Margréti og Vigdísi, kveikta konur á ilmkertum sem Anna Reiners hafði gefið þeim og streymdi hlýhugur til Önnu fyrir þessa vinagjöf sem ekki er sú fyrsta til kvenfélagsins.

Undir borðum las Þóra Eggertsd. upp, X að þegja þ konur í heil, úr bókinni Konur skrifa eftir Inger Huld Hákonardóttir.

Þá las Halldóra Kristinsdóttir kvæðið Við spuna eftir Herdísi Andrésdóttur.

Eftir kaffi var rætt um þörf fyrir

sjúkrunarheimili fyrir aldraða, og skyldi það vera okkar baráttumál á næstunni, og hafa fulltrúar á fund K.B. það í huga og láti það koma fram á fundinum sem haldinn verður á næstunni.
Einnig það að fundurinn ákvað að stytja billögu nr 3 um ársgjald til K.J. að hvert héraðssamband innan K.J. ákveði á ársfundi framlag sitt til K.J.
8. Næst á dagskrá voru kosningar Margrét Theódórsdóttir mátti ganga úr stjórninni en gaf kost á sér og var endurkjörin, gjaldkeri samhljóða.
Í varastjórn voru kosnar Klara Helgad. og Vigdís Þorsteinsd.
Endurskoðendur voru kosnar Fjóla Eggertsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir.
Fulltrúar á aðalfund K.B. (sem haldinn verður í Staðarskála) voru kosnar Þóra Eggertsdóttir og Margrét Theódórsd. til vara Halldóra Kristinsdóttir og Fjóla Eggertsdóttir.
Ingibjörg Þorhallsdóttir var endurkjörin í eigendanefnd.
9. Þá var rætt um heimsókn til gamla fólksins á Sjúkrahúsinu Elísabet og Halldóra voru beðnar að heimsækja fólkið ef þær gætu, Klara bauðst einnig til að athuga með skemmtikraft.

10. Mál á dagskrá var um skemmtiferð næsta sumar, skemmtiferðanefnd var endurkjörin, en hana skipa Margrét Theódórsdóttir og Vigdís Þorsteinsdóttir.
11. Ákveðið var að kaupa peningakassa.
12. Skemmtifundur ákveðinn í apríl.
13. Þóra Eggertsdóttir stakk upp á því að konur kæmu með frumsamið efni á fundunum, ein á hvern fund, var það samþykkt.
14. Rætt var um það sem oft hefur verið rætt um áður, að gera eitthvað fyrir Hamarsbúð.
Þær sem eiga að skemmta á næsta fundi eftir skemmtifund, eru ~~kan~~ Margrét og Klara.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
E.E.

28-8-1981 var fundur haldinn í
Félagsheimilinu á Hofi í Kvenfélaginu
Sigurósk. Mættar voru 9 konur.
Tilnefndur var fundarstjóri Þóra Eggertsd.
en ritari Klara Helgadóttir.

1. Fundargerð ekki mætt og því ekki
lesin upp
2. Margrét Theódórsdóttir las upp aðal-
fundargerð K.B.
3. Rætt um réttir, ákveðið var að
hafa þær með svipuðu sniði og síðast-
liðið ár. Ef réttarball verður 18/9
biðst Guðmundur til að koma og spila
Mikið var rætt um dúka úr Hamars-
búð hvort þeir eru gulir bláir
eða týndir, má kaupa nýja dúka
ef hinn ekki finnast
4 Fundargerð síðasta fundar er mætt
og hana las Elísabet Eggertsdóttir,
fundargerð borin upp og samþykkt
5. Margrét Theódórsdóttir kom með
frumsamið. efni

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

E.s. Andlegt fóður á næsta fund.
Elsa komi með frumsamið.
Klara með eitthvað

Fundur var haldinn Kvenfélaginu
Sigurósk föstud. 3 nóv 1981 að Efri-
Ánastöðum. 10 konur voru mættar til
fundar. Þóra formaður setti fundinn
og óskaði eftir hringborðsumræðum,
þakkaði hún félagskonum gott starf
um réttir, bæði við kaffiveitingar og
dansleik
Margrét Theódórsdóttir tók til máls
og sagði frá réttadansleik. Miðaldamenn
frá Siglufirði léku fyrir dansi.
Sagði hún frá ýmsum kostnaðarliðum
ráðninga starfsfólks og fl.
Ágóði af kaffisölu og dansleik hvað
hún mundi vera kringum 20 þús kr.
Þá var ýmislegt rætt sem varðaði
Hamarsbúð, hvort ekki væri tímabært
að kaupa klósett og ýmislegt fleira.
Næst á dagskrá var umræða um
skemmtifund. Allar konurnar virtust
hafa áhuga fyrir honum, að lokum
var helst hallast að því að hafa
hann seint í nóvember. Töldu
konurnar að ýmislegt mætti tína
til sem gæti verið til gamans
td. sýna myndir úr ferðalögum
á vegum félagsins, Magga hefði
sitt hvað skemmtilegt að segja
frá veru sinni á Hrafnagili og fl.
mætti ~~tína~~ telja. Konurnar skyldu
baka sína ögnina hver og koma
með, og um fram allt vera
skemmtilegar.

Nokkuð var rætt um námskeiðahald og var á hugi fyrir að hafa flosnámskeið ef hægt væri. Ákveðið var að leita sér upplýsinga um þátttöku og kostnað og hvenær væri helst um þetta að ræða. Þá var ákveðið að athuga með útgáfu jólakorta og verja andvirði þeirra í þágu aldraðra.
Þóra vakti máls á því að gaman væri að safna saman myndum og frásögnum varðandi kvenfélagið Sigurósk og starfsemi þess.
Elsa flutti frásögn af honum Bibba, en hún hitti hann við sjóinn eitt kvöld í sumar. Hún bauð honum með sér heim og lét vel að honum. Hann kunni vel að meta gott viðmót hennar og mat í eldhúskorninu. Þau áttu saman margar ánægjustundir.
En það má kanske geta þess til að fyrirbyggja misskilning að Bibbi var æðarungi.
Nú voru konur orðnar kaffiþurfi og notuðu sér óspart góðar veitingar hjá Elsu.
Þóra flutti síðan kafla úr bókinni "Margar heyjar hendur". Í þessum kafla var sagt frá stofnun kvenfélagsins í Rip í Hegranesi elsta kvenfélagi landsins og hvað það hafði á stefnuskrá sinni.
Klara las ljóðið „Svo er nú það" eftir Skúla Guðmundsson.
Að lokum las Þóra fundarsamþ. sem hún hafði flutt á landsþingi Kvenfélagasambands Íslands.
Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
Fundi slitið.

Laugardaginn 20 febrúar 1982 var fundur haldinn í kvenfélaginu Sigurósk í félagsheimilinu á Hvammstanga. Var hann einnig skemmtifundur.
Mættar voru 7 konur.
Formaður Þóra Eggertsdóttir setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Ingibjörgu Þórhallsdóttur og fundarritara Vigdísi Þorsteinsdóttur.
Þá var tekið fyrir 1. Þóra Eggertsdóttir las bréf frá Árna Björnssyni, Þjóðminjasafni Íslands, þar sem farið er fram á það við kvenfélögin að þau bendi á fólk heima í héraði eða beint flutt, sem hugsanlega gæti gefið upplýsingar um daglega lifnaðarhætti á þess æskuárum.
Um þetta urðu smá umræður og ætluðu konur að taka málið til athugunar.
2. Þóra Eggertsd. las upp bréf frá Geðverndarfélagi Íslands, þar sem farið er fram á fjárhagsaðstoð við kaup á húsnæði, sem félagið hefur fest kaup

á að Ármúla 5.
3. Fjóla Eggertsd. varpaði fram þeirri spurningu, hvernig konum litist á að félagið gengi úr Kvennabandinu, bað hún konur að íhuga þetta mál og yrði það rætt nánar á aðalfundi.
4. Þóra Eggertsd. varpaði fram þessari spurningu, hvað getur kvenfélagið gert á ári aldraðra? Td. hvort hægt væri að hafa opið hús, handavinnukvöld, eða eitthvað annað til ánægjuauka fyrir aldrað fólk
5. Heimsókn á sjúkrahúsið til gamla fólksins: Heimsókn kvenfélagsins Siguróskar á að vera í mars. Margréti Theódórsd. var falið að athuga hvort Vorvökukórinn væri fáanlegur til að koma og skemmta gamla fólkinu. Ákveðið var að bíða til aðalfundar með að kjósa hverjar færu í heimsóknina.
6 Þá sagði Þóra Eggertsd. frá flosnámskeiði. Guðrún Guðmundsd. kenndi flos þrjú laugadagskvöld í januar 14 konur tóku þátt í námskeiðinu en þar af voru aðeins þrjár konur úr kvenfélaginu (þær Vigdís, Ingibjörg og Þóra) þessi kvöld voru mjög skemmtileg. Næst tóku konur til við að skemmta. Margrét Theódórsd las úr Borgfirskri Blöndu. Svo var getraun Hver er maðurinn Þóra og Fjóla Eggertsdætur voru með þann þátt. Reyndist maðurinn vera Halldóra Bjarnad.

Ingibjörg Þórhallsd. varð sigurvegari og hlaut pakka með ilmandi sápum. Næst las Ingibjörg Þórhallsd. úr bókinni Íslenskar ljósmæður. Á meðan skemmtiatriðin voru flutt gæddu konur sér á kaffi og nógu meðlæti sem allar höfðu lagt til, og var þá ekki hugsað um kvöld. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sunnudaginn 21 mars 1982 var aðalfundur kvenfélagsins Sigurósskar haldinn, á Hvammstanga hjá Ingibjörgu Þórhallsdóttur.
Mættar voru 10 konur og 1 kona gekk í félagið svo alls urðu þar 11 á fundi.
1. Formaður félagsins Þóra Eggertsdóttir setti fundinn og bað konur að rísa úr sætum og minnast brottkallaðra félagskvenna þeirra Jóhönnu Gunnlaugsdóttur og Hólmfríðar Péturs dóttur síðan bað hún konur að syngja sálminn „Ó þá náð að eiga Jesú"
2. Ein inntökubeiðni hafði borist, og frá Elínu Ásu Ólafsdóttur Ytri-Völlum, var inntökubeiðnin borin upp og samþykkt samhljóða.
3. Þóra Eggertsd. las upp fundargerðir tveggja síðustu funda og voru þær samþykktar.
4. Þóra las ársskýrslu félagsins 1981. Haldnir voru 3 fundir á árinu að meðtöldum aðalfundi, ýmsar ástæður

óviðráðanlegar voru fyrir því að svo
fáir fundir voru haldnir.
Heimsókn til gamla fólksins var
í apríl.
Eins og undanfarin sumur fóru
félagskonur í eins dags skemmtiferð
ásamt eiginmönnum og öðrum gestum
Var farið 12 júlí, til Akureyrar og
í Vaglaskóg, með viðkomu í Laufási
og við Eyjafjörð og víðar. Létu
þátttakendur mjög vel af ferðinni
enda heppnir með veður.
Kvenfélagið gaf hluti á hlutaveltu K.B.
Eins og venjulega sá kvenfélagið um
flutning aldraðra af félagssvæðinu
til kaffidrykkju að Þorfinnsstöðum.
Félagkonur brugðu ekki út af van-
anum með að selja kaffi í Hamars-
búð á réttardaginn 18 sept.
Um kvöldið var fjölmennur réttar-
dansleikur í Félagsheimilinu á
Hvammstanga og sá hljómsveitin
Miðaldamenn um fjörið.
Næstum allar konurnar í kvenfélaginu
lögðu fram mikla vinnu við réttar-
kaffi og ~~dasleik~~ dansleik.
Keyptar voru tvær bækur „Konur
skrifa" og „Gengnar slóðir" auk
ritanna „Hugur og hönd" og
„Húsfreyjan" eins og venjulega.
Formaður mætti á einum formanna-
fundi K.B.

5 Gjaldkeri félagsins Margrét Theódórsd.
las upp reikninga félagsins og skýrði frá
Tekjur á árinu umfram gjöld 29.844,15
Reikningar bornir upp og samþykktir.
6 Formaður las upp lög félagsins.
Gerð var breyting á 7 gr. hún orðist svo
Árlega skal kjósa tvo endurskoðendur
til að yfirfara reikninga félagsins, og
leggja þá fram undirskrifaða á aðalfundi.
7. Þóra Eggertsd. las bréf frá Gigtarfélagi
Íslands, þar sem farið er fram á fjárhags-
aðstoð, málið lítið rætt, en töldum
okkur ekki hafa peninga til að
styrkja það svo að neinu gagni kæmi.
8. Formaður las bréf frá Fangahjálpinni
Vernd. Ákveðið var að félagið gerðist
styrktarfélag, með árlegu framlagi.
9. Þóra Eggertsd. las bréf frá Árna Björnss.
þjóðháttarfræðingi, þar sem hann óskar
eftir að kvenfélagið benti á einhvern
í sínu byggðarlagi, sem gæti gefið
upplýsingar um daglega lifnaðarhætti
í æsku sinni. Stungið var upp á
Ólöfu Ólafsdóttur.
10 Rætt var um þá tillögu Fjólu Eggertsd.
Hvort við ættum að fara úr K.B.
Var það rætt nokkuð, ákveðið var að
fresta því til næsta árs að taka
ákvörðun um það mál.
11. Þá var komið að því að ræða um
Kvennabandsfundinn 1982 sem verður
á vegum „Sigurósk". Ákveðið var að
konur hefðu dálitla verkaskiptingu

og sumar hugsuðu um kaffi en aðrar um mat. Margrét Theódórsdóttir tók að sér að hafa umsjón með matnum, en Elísabet Eggertsd. tók að sér að annast kaffið, en báðar fái þær mikla og góða hjálp félagkvenna. Bakstri verði skift niður á konurnar.
Vigdís Þorsteinsd. ætlar að sýna skugga-myndir og Þóra Eggertsd. að aðstoða með skýringum.
12 Þá var rætt um það hvað ætti að vera baráttumál félagsins á ár. Allar kon-urnar voru sammála um það að baráttumál okkar félags sé mál aldr-aðra og þá fyrst og fremst að vinnið sé að byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða, og láti fulltrúar okkar á fundi K.B. þess getið. Einnig var samin tillaga og samþykkt svohljóð-andi. Aðalfundur í kvenfélaginu Sigurósk haldinn 21 mars 1982 Beinir þeirri spurningu til aðalfundar K.B. hvaða aðalmál það hafi á stefnuskrá sinni nú, og næsta ár.
13 Mál kosningar, Formaður Þóra Eggertsd. átti kost á því að ganga úr stjórn. En þar sem félagskonur voru mjög ánægðar með Þóru sem formann óskuðu þær eftir að hún yrði form. áfram og gaf hún þá kost á sér og var hún kosin með handaupp-réttingum og lófaklappi.
Í varastjórn voru kosnar. Klara

Helgadóttir og Guðrún Bjarnadóttir.
Í fjáröflunarnefnd, voru kosnar Margrét Theódórsd. og Ása Ólafsd. til vara.
Endurskoðendur voru kosnar Fjóla Eggertsd. og Halldóra Kristinsd.
Ingibjörg Þórhallsd. og Ása Ólafsd voru kosnar fulltrúar á fund K.B. en til vara Fjóla og Vigdís.
Í ferðanefnd hlutu kosningu Vigdís Þorsteinsd. Margrét Theódórsd. og Fjóla Eggertsd.
Í ugenda nefnd var Þóra Eggertsd. kosin og til vara Ingibjörg Þórhallsd.
Kosin heimsóknarnefnd á Sjúkrahús-inu hlutu Þóra Eggertsd. Vigdís Þorsteinsd. og Ása Ólafsdóttir.
Þá var víst öllum þessum kosningum lokið og konur fóru að ræða um ferðalag, hvort áhugi væri fyrir eins dags ferðalagi eða heldur tveggja daga ferðalagi. Þar sem búið væri að fara flestar eins dags leiðir. Virtist frekar áhugi fyrir tveggja daga ferðalagi.
Að lokum var ákveðið að gera eitthvað í tilefni af ári aldraðra. Voru allar konur sammála um það að gjöra eitthvað í því, að bæta aðstöðuna við kirkjuna þannig að gamlir og lasburða, kæmust í kirkju. Ingibjörgu Þórhallsd. falið að athuga ýmislegt varðandi það mál, og stjórnin fylgi því þ svo vel eftir.

Fundurinn óskar eftir því að kven-
félagið Sigurósk þurfi ekki að hugsa
um kaffi fyrir aldraða í ár.
Konur til að skemmta á næsta fundi
eru Vigdís og Þóra.
Halldóra og Klara komi með brauð.
Í fundarhléi var konum haldin
stórveisla með súkkulaði og alskins
tertum og kökum, sem konur kunnu
greinilega vel að meta.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
E.E.

Fimmtudaginn 10 júní 1982
var fundur haldinn í kvenfélaginu
Sigurósk, í félagsheimilinu á
Hvammstanga.
Mættar voru 10 konur.
1 Fundur settur, fundarstjóri
Sjöfn Eggertsdóttir, fundarskrifari
Margrét Theódórsdóttir.
Fundargerð síðasta fundar sem
var aðalfundur, var lesin upp
og hún samþykkt samhljóða.
2. Lesin fundargerð K.B. Lesið
upp bréf frá Kvenfélagasambandi
Íslands um Vinnuvöku til
styrktar minningar- og líknarmála
Lesið bréf frá Jóni Ísberg um
að unglingar sem verða 16 ára
á árinu fái að koma á dansleiki

3 Rætt um skemmtiferð, sem á að
vera tveggja daga ferð 19-20 júní,
Þóra Eggertsdóttir stakk upp á því
að kvenfélagið borgaði 500 kr.
eins og verið hefur undanfarin ár
eða eins dags ferð, en konur borguðu
sinni daginn, og var það samþykkt.
4. Fjórar konur gengu í félagið það voru
Þórdís Vilhjálmsdóttir Gauksmýri,
Ingibjörg Þorbergsdóttir Syðri-Völlum
Sigríður Ingólfsdóttir Efra-Vatnshorni
og Hrönn Friðriksdóttir Múla.
5 Önnur mál. Þóra Eggertsdóttir
ræddi um að öll kvenfélögin héldu
skemmtun til ágóða fyrir kvenna-
bandið næsta vetur, sem fari til
aldraðra á einhvern hátt, og var
það samþykkt.
Til að koma með eitthvert skemmti-
efni á næsta fund. voru kosnar
Sjöfn Eggertsdóttir og Þóra Eggertsdóttir
Þá sýndi Vigdís Þorsteinsdóttir
skuggamyndir.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

hin besta þakkir fyrir þau.
Til skemmtunar á næsta fund er Sjöla og með kaffimeðlæti eiga Ása og Ingibjörg Þorbergsd. að koma.
Þá var ekki fleira fyrir tekið.
og fundi slitið.
Ása Ólafsdóttir

Fundur haldinn í kvenfélaginu Sigurósk 28/10 '82 Mættar voru 13 konur.
Fundinn setti Þóra Eggertsd. formaður og skipaði hún Guðrúnu Bjarnad. fundarstjóra og fundarritara Þórdísi Vilhjálmsd.
Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
Þóra Eggertsd. þakkaði því næst fyrir vel unnin störf við réttir og dansleik.
Margrét Theodórsdóttir sagði hvað kom, í hefði inn á réttarballi voru það um 18 þús kr. Inneign nú 60.248.78 kr.
Þóra Eggertsd. las upp bréf frá Heimilisiðnaðarskólanum, varðandi kennslu á vegum þess á ýmsum námskeiðum. Einnig annað bréf frá Kvenfélagasambandinu, varðandi fundarályktanir, sem gerðar voru á þingi Húsmæðrasambands Norðurlanda í Tammerfors dagana 3-5 sept. 1982.
Síðast las Þóra bréf frá Friðarhóp kvenna Hallveigarstöðum v/Túngötu
Hugmyndin er, að ef undirtektir verða góðar meðal kvenfélaganna og fl. félaga að stofna landssamtök um friðarhreyfinguna, snemma á næsta ári. Bréfinu fylgdi undirskriftalisti þeirra kvenna í Reykjavík.
Næst var rætt um pennasaumsnámskeið sem verður haldið helgina 6-7-11, voru konurnar sammála um að borga þetta námskeið nema ef „kvennabandið" taki þar í þátt.
Hugmynd er komin upp um að kaupa sameiginlega leirbrennsluofn ~~ásamt~~ með Kvenfélaginu á Hvammstanga, okkar félagi og ungmennafélaginu Kormáki. Taka varð ákvörðun um þetta kaup á fundinum, og var það samþykkt samhljóða, eignarhlutinn verði 1/3 hl. og afnotin söm. En óvíst hvort hægt verður að fá kennara í leirkerasmíði.
Fundarstjóri las upp bréf frá vinnuvökunefnd varðandi vinnuvökuna sem var ákveðin helgina 20-10-82 og er nú liðin, Þóra skrifaði stjórn K.B. varðandi þetta mál og bað einnig um formannafund sem fyrst. Svar barst frá formanni K.B. þar sem fram kemur að hvert félag sjái um sig.
Kvenfélagið Björk á Hvammstanga er til í að vera með okkur með vinnuvöku, og er miðað við að hafa hana fyrstu helgina í Aðventu.
Kosnar voru í undirbúningsnefnd.

Hrönn Friðriksd. Sigríður Ingólfsd.
og Þórdís Vilhjálmsd. Ása Ólafsd.
og Vigdís Þorsteinsd. til vara, sem
vinna síðan með nefnd úr hinu
félaginu. Sjörlegar umræður urðu
um allt það sem hægt er að gera.
Síðan var gert kaffihlé og voru
veitingar ekki af verri endanum
enda mættu fjórar með kaffibrauð
og var það fyrir svolitla gleymsku.
Yfir kaffinu klukkuðum við á Fjólu
lesa kafla úr bók eftir Ingólf
Gíslason lækni.
Ólöf las söguna „Haustnótt í
kirkju" úr bókinni Leyftur frá
liðnum árum.
Margrét Theodórsd. og Þórdís Þorst-
einsd. eiga að skemmta á næsta fundi
Sigríður Ingólfsd. og Hrönn Frið-
riksd. eiga að koma með brauð
með kaffinu á næsta fund.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin.
Fundi slitið.

Þórdís Vilhjálmsd.
( fundarritari )

Fimmtudaginn 10 febrúar 1983 var
fundur haldinn í Kvenfélaginu Sigurósk
í félagsheimilinu á Hvammstanga
kl 8,30. Mættar voru 13 konur.
Formaður Þóra Eggertsd. setti fundinn
og tilnefndi fundarritara Fjólu Eggertsd.
Lesin upp fundargjörð síðasta fundar,
borin upp og samþykkt samhljóða.
Þar sem þessi fundur var fyrst og
fremst handavinnufundur voru allar
konur mættar með handavinnu
og kendi þar margra grasa svosem
saum, hekkl og prjón.
Þóra Eggertsd. þakkaði konum fyrir
vel unnin störf í sambandi við
vinnuvöku 26. 27 og 28 nóv. síðastlið-
inn. Margrét Theodórsd. upplýsti að
lagt hefði verið inn l.a. 21-22 þús kr.
sem inn kom sameiginlega hjá Kvenfél.
Björk og Sigurósk, ágóði af vinnuvöku.
Fundarkonur samþykktu eftirfarandi
tillögu. Fundur haldinn í kvenfélaginu
Sigurósk, 10 febrúar 1983, gerir að tillögu
sinni að ágóði af sameiginlegri
vinnuvöku kvenfélaganna Björk og
Sigurósk í nóv. síðastliðinn renni ó-
skiftur til fyrirhugaðrar viðbyggingar
við sjúkrahúsið, ef af framkvæmdum
verður.
Næst var borin upp tillaga svohljóðandi:
Fundur haldinn í Kvenfélaginu Sigurósk
10 febr. 1983. ályktar að nauðsinlegt sé
að halda hið fyrsta fund í eigendanefnd.

Félagsheimilisins á Hvammstanga.
Auk þess telur fundurinn æskilegt að fá árlega reikninga og yfirlit um rekstur Félagsheimilisins.
Þóra Eggertsd. sagði frá formannafundi er haldinn var 18 nóv. Þar var samþykkt að hætta að hafa kvöldmat á aðalfundum K.B. Einnig var samþ. að fela K.B. að endurskoða lög félagsins fyrir næsta aðalfund.
Þóra upplýsti að búið væri að kaupa leirbrensluofn eins og fyrirhugað var og að kostnaðarhlutur okkar félags væri ca 6 þús. kr. Er ofninn staðsettur í Félagsheimilinu. Formaður spurði fundarkonur hvort þær hefðu áhuga fyrir postulínsmálun. Virtust sumar konurnar hafa áhuga, en bjuggust ekki við að hafa tíma að sinni.
Þá bauðst Þórdís Vilhjálmsd. til að taka konurnar í hárgreiningu og höfðu konur mikinn áhuga á því. bauðst Ingibjörg Þorbergsd. til að taka konurnar heim til sín, og var ákveðið að gera það hið fyrsta.
Talað var um að halda aðalfundinn í mars. en skemmtifund í apríl.
Nú voru bornar fram veitingar og þar ekki af verri endanum. Sigríður Ingólfsd og Hrönn Friðriksd. sáu um þær, og voru það gómsætar tertur og ilmandi bollur ásamt ýmsu öðru góðgæti. og gerðu konurnar þessu mjög góð skil og voru sýnilega ekki að hugsa um línurnar að þessu sinni.
Dóra las upp gamla frásögn sem hún hafði lesið upp á skemmtifundi fyrir mörgum árum, gerði það góða lukku.
Margrét Theódórsd. las upp frásögn úr bókinni "Íslenskar ljósmæður", einnig las hún kvæðið „Þér konur" eftir Stefán frá Hvítadal
Dr Vigdís Þorsteinsd. sýndi myndir ~~sa~~ voru þær úr ferðalagi kvenfélagsins síðastliðið sumar austur að Skógum.
Var nú orðið æði álidið kvölds og nýr dagur að heilsa er konurnar kvöddu og héldu heim til sín, en áður hafði formaður slitið fundi og þakkað konum góða fundarsetu.

Fundarritari
Fjóla Eggertsd.

Fimmtudaginn 24.3.83 kl. 20.30 var aðalfundur
kvenfélagsins Sigurósk[?]ar settur í félagsheimil-
inu á Hvammstanga.

Mættar voru 11 konur.

1. Formaður Þóra Eggertsdóttir setti fundinn og bauð félagskonur velkomnar og bað þær að syngja sálminn „Ó þá náð að eiga Jesú"
2. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
3. Formaður las ársskýrslu félagsins, það helsta og það merkverðasta var það að, fimm konur gengu í félagið, þær Ása Ólafsd. Hrönn Friðriksd. Sigríður Ingólfsd. Ingibjörg Þorbergsd. og Þórdís Vilhjálmsd.

Haldnir voru 7 fundir á árinu auk aðalfundar, einn af þessum fundum var skemmtifundur að mestu. Stjórnarfundir voru 2. 1 formannafundur K.B. sem Þóra Eggertsd. mætti á.

Kvenfélagið sá um veitingar og skemmtiatriði á aðalfundi K.B.

Kvenfélagið sá um flutning aldraðra til kaffidrykkju K.B. í Ásbyrgi, Ingibjörg Þorbergsd. flutti fólk af okkar svæði og gaf félaginu sína þjónustu.

Lögð fram vinna við sumarskemmtun K.B. og gefnir munir á hlutaveltuna.

Farið í heimsókn til gamla fólksins á Sjúkrahúsinu.

Farið var í tveggja daga skemmtiferð helgina 19-20 júní, austur að Skógum og eins og venjulega buðu konur eiginmönnum sínum með.

Var ekið um Uxahryggi á Þingvöll, um Laugarvatn að Geysi yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum komið við á Flúðum og ýmsum fleiri fallegum stöðum. Á Skógum var byggðasafnið skoðað um kvöldið og þar var svo gist um nóttina, þar var pantað pokapláss og svo fengum við keyptan þar ódýran og reglulega góðan morgunverð áður lagt var af stað daginn eftir, sérstök fyrirgreiðsla á Eddyhótelinu.
Áfram var haldið daginn eftir og farið um í Fljótshlíð, stansað í Múlakoti, farið að Kirkjulæk María Jónsd. tók höfðinglega á móti öllum hópnum sýndi okkur myndir sínar og hélt okkur veislu, var þetta ógleymanleg stund
Í desember var svo Maríu færð smágjöf með þakklæti fyrir góðar móttökur.
Næst var ferðinni heitið um Selfoss, Hveragerði um Mosfellssveit og Kjós, síðan var eftir venjuleg leið norður, en gekk dálítið seint því billinn bilaði æði oft, en allir komust heilir heim að lokum, ánægðir yfir skemmtilegri ferð, þess skal að lokum getið að veðrið lék við okkur báða dagana, var sól og blíða.
Eins og venjulega var selt kaffi á réttardag 17 sept. í Hamarsbúð og réttardansleikur haldinn um kvöldið í Félagsheimilinu á Hvs. hljómsveitin Umrós frá ~~Siglufirði~~ Sauðárkrók lék fyrir dansi.
Flestar konurnar lögðu fram mikla vinnu um réttir svo lítið vinna þurfti að kaupa út.
Kvenfélagið Sigurósk og Björk höfðu samstarf með vinnuvöku 26-27-28 nóv í tilefni af ári aldraðra, sem tókst mjög vel. Ágóðanum verður varið í þágu aldraðra.
Tvö námskeið voru haldin á árinu, flosnámskeið í janúar og að eins 4 félagskonur mættu, en fleiri konum bætt við voru alls 15. Í nóvember 6 og 7. var námskeið í þernasaum var góð þátttaka mættu 11 konur úr Sigurósk." Kennari á báðum námskeiðunum var Guðrún Guðmundsd. handavinnukennari á Skagaströnd.
Stjórn félagsins skrifaði f.h. félagsins, sóknarnefnd Hvammstanga kirkju og bauð fjárhagsaðstoð við að lagfæra aðstöðu við kirkjuna, svo allir kæmust til kirkju þótt gamlir eða fatlaðir séu.
Talsvert var rætt um þetta bréf sem sent var fyrir löngu ári en hefur ekki verið svarað neinu. Ákveðið var að tilboðið standi en um sinn í von um að eitthvað gerist í þessu máli.
Í desember var keyptur leirbrennsluofn 1/3 hluti.
Kvenfélagið gerðist styrktarfélagi fangahjálparinnar „Vernd."
Næst las gjaldkeri félagsins Margrét Theódórsd. upp reikninga félagsins, en af óviðráðanlegum ástæðum var ekki búið að endurskoða þá.
Ákveðið var að fela gjaldkera félagsins að setja peninga félagsins á sem hagkvæmasta vexti.

Lög félagsins lesin og rædd lítillega.
ákveðið var að hækka árs gjaldið úr 50,100
Þóra las bréf frá Flugbjörgunarsveit
Vestur-Hún. Laugarbakka, þar sem ósk
að er eftir fjárhagsaðstoð til tækjakaup.
Var þessu bréfi svarað og boðin aðstoð
ef björgunarsveitin héldi skemmtun
til fjáröflunar.
Þóra sagði frá fundi í eigendanefnd
Félagsheimilisins sem hún fór á, þar
kom fram að ákveðin er mikil
viðgerð á þaki o.fl. í Félagsheimilinu,
áætlað að viðgerð kosti 5-600 þús.
og þarf kvenfélagið „Sigurósk" að
greiða 3 prósent af viðgerðarkostnaði.
Mikið rætt um hvað hægt væri að
gera til að afla fjár, ein hugmynd-
in var að halda aftur vinnuvöku.
Rætt um hvort við ættum að ganga
úr K.B. Tillaga kom fram á aðal-
fundi 1982 og var þá ákveðið að
láta það bíða til þessa fundar að
taka ákvörðun. Ákveðið var að vera
áfram í K.B., en óskir voru hjá
konum um að eitthvað væri ýtt við
stjórn K.B. og að hún sýndi meiri
áhuga um framkvæmdir en verið
hefur að undanförnu.
Mál fulltrúa sem fara á aðalfund
K.B. er að framfylgt verði ákvörðun
frá síðasta aðalfundi K.B. um fram-
kvæmdir við Ullideildina.
Kosningar: Margrét Theódórsd.

var endurkjörinn gjaldkeri sem hejóða.
Í varastjórn sitji áfram Klara Helgad.
og Guðrún Bjarnad.
Endurskoðendur reykninga félagsins
kosnar Þórdís Vilhjálmsd. og Ása
Ólafsd. Fjóla Eggertsd. til vara.
Fulltrúar á aðalfund K.B. Þóra Eggertsd.
og Þórdís Vilhjálmsd. til vara 1. Ása
Ólafsd. 2 varamaður Margrét Theódórsd.
Ferðanefnd Fjóla Eggertsd. Vigdís
Þorsteinsd. og Ingibjörg Þorbergsd. Ása
Ólafsd. til vara.
Ása Ólafsd. Þórdís Vilhjálmsd. og
Ingibjörg Þorbergsd. heimsækji gamla
fólkið á Sjúkrahúsinu 1983.
Konur kosnar til að sjá um kaffi
aldraðra í sumar, voru Ingibjörg ~~Þorhall~~
Þorhallsd. Ása Ólafsd, og Ingibjörg
Þorbergsd. og Klara Helgad.
Þóra Eggertsd. var með orð frá Aðal-
birni Benediktss. um garðyrkjufundi
sem haldnir verða á vegum Búnaðarfél.
miðvikudag eftir Páska, á Laugarbakka
að deginum og að kvöldinu í Víðihlíð.
Óli Valur Hanss. mun koma á fundina.
Þóra Eggertsd. og Vigdís Þorsteinsd. voru
kosnar til að læra á leirbrensluofninn.
Stefnt að því að hafa skemmtifund í apríl.
Á næsta fund eftir skemmtifund komi
Guðrún Bjarnad. og Ása Ólafsd. með skemmtiefni
Með kaffibrauð á þann fund komi Halldóra
Kristinsd. og Ingibjörg Þorhallsd. – Kaffiveitingar
voru stórmyndarlegar hjá Guðrúnu og Þórdísi.